





Forsíðumynd

Við Tjarnargötu í Reykjavík
Ljósmynd: Bjarki Ásmundsson

VR

Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7,
103 Reykjavík
Sími 510 1700
vr@vr.is
www.vr.is

Ábyrgðarmaður: Kristinn Örn
Jóhannesson, formaður

Ritstjóri: Anna Björg Siggeirsdóttir

Umbrot og útlit: Tómas Bolli Hafþórsson

Ljósmyndir: Eddi og Gunnar Kr.

Prentun: Oddi, umhverfisvottuð prentsmíðja.

Upplag: 27.200

Stjórn VR: Kristinn Örn Jóhannesson
formaður, Ásta Rut Jónasdóttir
varaformaður, Jóhanna S. Rúnarsdóttir
ritari. **Meðstjórnendur:** Ágúst
Guðbjartsson, Ásta Rut Jónasdóttir,
Benedikt Vilhjálmsson,
Bergur Þór Steingrímsson, Bjarki
Steingrímsson, Guðrún Jóhanna
Ólafsdóttir, Jón Magnússon, Lykke Bjerre
Larsen, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór
Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Stefania
Magnúsdóttir og Steinar J. Kristjánsson.

Varamenn: Hólmfríður Björg Pétursson,
Sigríður Stefánsdóttir og Þorlákur
Jóhannsson. **Stjórn Orlofssjóðs:**
Benedikt Vilhjálmsson, Guðrún Jóhanna
Ólafsdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Óskar
Kristjánsson og Steinar J. Kristjánsson.

Til vara: Hólmfríður Petersen og
Ragnar Þór Ingólfsson.

Stjórn Sjúkrasjóðs: Stefania
Magnúsdóttir, Ágúst Guðbjartsson, Bergur
Þór Steingrímsson, Jón Magnússon og
Lykke Bjerre Larsen.

Til vara: Ásta Rut Jónasdóttir
og Þorlákur Jóhannsson



05



22



26

Félagsmál

- 04 Hádegisfyrirlestrar
- 04 Handleiðsla trúnaðarmanna
- 04 Annasamt á kjarasviði
- 05 Spilum saman
- 06 Drekkinn
- 07 Vertu vakandi, fylgstu með
- 08 Dómar
- 09 Varaformannsskipti
- 12 Nýársfundur 2010
- 13 Kosningar
- 14 Einstaklingsframboð til stjórnar
- 16 A listi sameinaðs VR,
stjórnarframboð
- 18 L listi opins lýðræðis í VR,
stjórnarframboð
- 20 A listi frambjóðendur til
trúnaðarráðs
- 21 L listi frambjóðendur til
trúnaðarráðs
- 24 Samsetning VR
- 26 Orlofsmál

Viðtöl og greinar

- 10 Félagsmenn VR
- 22 Stórir líkamar, litlir vængir
- 32 Mikilvægt að fá hvatningu
- 34 Krossgáta



LEIÐARI

Kosningar í nánd!

Eins og lög VR gera ráð fyrir var óskað eftir framboðum til trúnaðarstarfa fyrir félagið og rann framboðsfresturinn út á hádegis á gamlársdag. Var það fagnaðarefni að framboð var örlítið meira en eftirspurn bæði til stjórnar og trúnaðarráðs. Að síðasta ári undanskyldu hefur frekar reynst erfitt að fá fólk til starfa en hitt. Kaus Trúnaðarráð sér uppstillingarnefnd í samræmi við lög og sátu í henni auk formanns, og að tillögu hans, úr stjórn þau Bjarki Steingrímsson, Stefanía Magnúsdóttir og úr Trúnaðarráði Þorgerður Jóhannsdóttir og til vara Lykke B. Larsen og Ingólfur Daníelsson. Á trúnaðarráðsfundi gerði Ragnar Þór Ingólfsson tillögu um Agnar K. Þorsteinsson úr Trúnaðarráði og var hann kjörinn sem aðalmaður. Þannig áttu fulltrúar allrar stjórnarinnar og Trúnaðarráðs „sína“ fulltrúa í nefndinni.

Lagði ég fyrir uppstillingarnefndina tillögu um verklagsreglur sem var samþykkt einróma með það að markmiði að nefndin setti saman tillögur sem í senn væru í samræmi við lög þess, myndu sameina félagið og tryggja að fulltrúarnir endurspegluðu félagsmenn sem best m.t.t. kyns, aldurs, búsetu, vinnustaða og raunverulegs áhuga á að starfa fyrir félagið og félagsmenn.

Eitt af frumskýlryðum vinnureglanna var að allir þeir sem buðu sig fram undir merkjum L-listans í fyrra fengju sjálfkrafa sæti aftur í trúnaðarráði. Af 82 manna trúnaðarráði L-listans í fyrra voru einungis um 30 manns sem sýndu starfinu áhuga. Aðeins 21 gáfu kost á sér endanum og var þeim öllum stillt upp. Einnig var stillt upp fulltrúum deilda VR í Vestmannaeyjum og á Austurlandi í samræmi við samkomulag sem gert var þegar þau félög sameinuðust VR. Að þeim meðtöldum eru 25 einstaklingar sem starfað hafa fyrir félagið áður. Meginstofn listans eru því 36 nýir einstaklingar sem vilja leggja félaginu lið. Aðeins átta manns komust ekki á listann, flestir starfsmenn VR. Var þetta einróma niðurstaða uppstillingarnefndar og var síðar staðfest af Trúnaðarráðsmönnum og Trúnaðarmönnum á sk. Nýársfundi og síðar í netkosningu. Þar röðuðust þrjár konur í efstu sætin í stjórnarkjöri, tvær nýjar og ein sem hafði starfað í trúnaðarráði VR áður. Glæsileg niðurstaða sem jafnað hefði kynjahlutföllin í stjórn (formaður, sjö konur

og sjö karlar) og svo 42 konur og 40 karlar í trúnaðarráði. Þrátt fyrir beina og óbeina þátttöku í þessu starfi kusu fjórir stjórnarmenn í VR að safna saman fólk á framboðslista gegn lista sem þau tóku þátt í að gera. Er því að undra að maður spyrji hvað þeim gangi til? Hvar eru heilindin í starfi? Hver er trúverðugleikinn? Hvernig var valið á þann lista? Ljóst er í mínum huga að forsvarsmenn þessa mótframboðs munu hafa uppi málf lutning sem í besta falli er byggður á vanþekkingu en í versta falli fara á móti betri vitund.

Allt síðastliðið ár hef ég unnið með stuðningi nýrra og eldri stjórnarmanna að því að gera félagið opnara og gegnsærra en áður og að það verði fararbroddi meðal annarra stéttarféлага. Öfugt við mörg önnur félög hafa fjárreiður félagsins ávallt verið aðgengilegar félagsmönnum á aðalfundi og á vef félagsins. Ný stjórn hefur einnig tekið þann sið upp að birta niðurstöður stjórnarfunda á vef félagsins. Síðast en ekki síst var það eitt að mínum fyrstu verkum að blása til opinna stefnumótunarvinnu sem allir félagsmenn gátu tekið þátt í. Því miður hafa færri tekið því boði en æskilegt væri. Því hefur sú ákvörðun verið tekin að bjóða stóru úrtaki félagsmanna sérstaklega til þessarar vinnu á stórfundi sem haldinn verður þann 24. apríl. Er því stöðug vinna í gangi við að gera félagið opnara, lýðræðislegra og gegnsærra. Það sjá allir sem vilja sjá.

Kæri VR félagi, það er einmitt í anda lýðræðisins sem við erum nú að ganga til kosninga og því ber að fagna. En það er hættulegt lýðræðinu að umgangast það af léttúð. Það er á þína ábyrgð og í rauninni það minnsta sem þú getur gert fyrir þig og félagið er að kjósa. Kjarasamningar eru lausir á þessu ári og því nauðsynlegt að forysta félagsins og þeir sem gegna trúnaðarstörfum fyrir það njóti óskoraðs stuðnings og umboðs í því mikla starfi sem framundan er og að félagið gangi sameinað og sterkt til þeirrar vinnu.

Því vil ég hvetja þig til að nýta rétt þinn. Taktu þátt og greiddu atkvæði hvenær sem þér hentar allan sólarhringinn dagana 15. – 29. mars.

KÖJ

Hádegisfyrirlestrar á næstunni

Framkoma og daður

18. mars kl. 12 - 13

Fyrirlesari: Heiðar Jónsson, snyrtir

Heiðar snyrti þarf vart að kynna enda landsfrægur stílisti. Hann ætlar að fræða okkur um hvernig við getum bætt sjálfstraustið með ráðum eins og að klæða okkur eftir vaxtarlagi, hvaða litir fara okkur best og gefa góð ráð varðandi förðun. Heiðar mun einnig fræða gesti um fas, framkomu og ekki má gleyma daðrinu.

Draumar – auður svefnisins

15. apríl kl. 12 – 13

Valgerður H. Bjarnadóttir félagsráðgjafi

Draumar eru elsta listgrein mannkyns sagði Jorge Lois Borges. Okkur dreymir öll, í hvert sinn sem við sofum. Draumar hafa verið hvatning til sköpunar, grunnur að hugmyndum og trú, og leiðbeinandi í samskiptum og stjórnskipan frá örófi alda. Á Íslandi hugum við enn að draumum, meira en margar vestrænar þjóðir, en í hröðum og firrtum nútíma eigum við þó á hættu að gleyma þessum auði svefnisins sem við öll höfum aðgang að. Í erindi sínu fjallar Valgerður um hlutverk og eðli drauma og hvernig má nýta þá til að öðlast aukna sjálfsþekkingu, lífsfyllingu og þroska. Hún rýnir í táknað draumanna og hugmyndir um drauma allt frá formæðrum okkar og -feðrum til arftaka Jung.

Er jákvæðni smitandi?

29. apríl kl. 12 – 13

Sigurður Erlendsson

Fjallað á skemmtilegan og uppbyggjandi hátt um útgeislun, tekin dæmi og gerðar tilraunir með áhorfendum á hvernig sjálfstraust og síðan skortur á sjálfstrausti virka á okkur og aðra. Hverjar eru helstu ástæður þess að sjálftraust er til staðar eða ekki. Hvaða tilfinningar og hindranir eru í okkar eigin lífi sem viðhalda þeirri stöðu sem við erum í. Einfaldar leiðir settar upp hvernig við komumst áfram og ná árangri í lífinu. Lausnin liggur alltaf hjá okkur sjálfum, við þurfum stundum aðstoð og hvatningu til að virkja hana.

Annasamt ár á kjarasviði

Árið 2009 er annað stærsta árið á kjarasviði VR frá upphafi í málum talið. Árið 2008 bærust 1.680 mál til kjarasviðs VR og hafa aldrei verið fleiri á einu ári. Árið í fyrra er það næst annasamasta en það ár voru málin 1.623. Dreifing innan ársins 2009 er hinsvegar mjög ólík árinu 2008. Mikil fjölgun mála varð á síðari hluta ársins 2008 en árið 2009 var fyrri hluti ársins mjög annasamur. Sem dæmi má nefna að ný mál í desember árið 2009 voru alls 94 samanborið við 174 mál í desember árið 2008. Í janúar árið 2009 voru ný mál 207 en 97 í janúar árið 2008.

Aukningu mála í kjölfar hruns íslensku bankanna má að miklu leyti skýra með fjölgun gjaldþrota hjá fyrirtækjum enda hefur riðið yfir holskefna hvað það varðar og er ekki fyrir séð hvenær þeirri þróun lýkur.

4 VRblaðið

Megum við koma í heimsókn?

Undanfarna mánuði hefur VR lagt áherslu á að sækja félagsmenn heim á þeirra vinnustaði til að ræða um félagið, framtíðina eða hvaðeina sem þeir óska eftir. Markmiðið er að efla og styrkja tengslin milli félagsmanna og félags. Formaður VR, Kristinn Örn Jóhannesson, hefur nú þegar haldið fundi í mörgum fyrirtækjum en við viljum ræða við sem flesta. Og í ljósi þess að samningar eru lausir síðar á þessu ári er brýnt að við heyrum beint frá félagsmönnum hverjar þeirra áherslur eru. Ef þú hefur áhuga á að fá heimsókn frá VR vinsamlega hafðu samband við Laufeyju Eydal í síma 510 1700 eða sendu tölvupóst á laufey@vr.is.

Handleiðsla trúnaðarmanna

Nýverið bauð VR trúnaðarmönnum á vinnustöðum að koma á fund með sálfræðingi þar sem fjallað var um hvaðeina sem upp kemur í starfi trúnaðarmanna. Það var Björn Vernharðsson sálfræðingur sem spjallaði við trúnaðarmennina sem settu fram umræðuefni sem þeim voru hugleikin og þeir vildu fá lausn á. Björn veitti þeim faglega aðstoð til þess að skoða og leysa vandamálin og trúnaðarmennirnir skiptust á skoðunum um starfið. Þetta er í fyrsta sinn sem VR býður upp á þessa þjónustu við trúnaðarmenn.

Björn Vernharðsson sálfræðingur er sérhæfður í samskiptum í hópum þar sem áhersla er lögð á svokallaða handleiðslu. Hún felur í sér að beitt er sálfræðilegum aðferðum við að aðstoða fólk við að taka ákvarðanir og sálfræðilega þjálfun þar sem fólk lærir nýjar aðferðir til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd.



Á kjarasviði VR starfa sjö manns. Elias Magnússon er sviðsstjóri kjarasviðs og með honum starfa þau Kalla Björg Karlsdóttir, Kristín María Björnsdóttir, Teitur Lárusson, Bryndis Guðnadóttir, Júnía Þorkelsdóttir og Guðrún Erlingsdóttir. Á myndina vantar Mariu Jónsdóttur.



Í BRENNIDEPLI

Spilum saman

Nýtt átak SVP og VR.

SVP – Samtök verslunar og þjónustu og VR hafa ákveðið að snúa bókum saman og fara í sameiginlegt átak undir slagorðinu „Spilum saman“.

Tilgangurinn með átakanu er tvíþættur;

1. Vekja athygli á mikilvægi verslunar og þjónustu, atvinnugreinar þar sem um fjórði hver Íslendingur starfar.

2. Hvetja Íslendinga á jákvæðan og ábyrgan hátt til að „spila með“ og taka þátt í að snúa hjólum atvinnulífsins með því að eiga viðskipti við verslunar- og þjónustufyrirtæki.

VR blaðið hitti þau Margréti Kristmannsdóttur formann SVP og Kristinn Örn Jóhannesson formann VR er undirbúningur átaksins stóð sem hæst. Sögðu þau að mjög ánægjulegt væri þegar atvinnurekendur og launþegar tækju höndum saman í svona verkefni enda færu hagsmunir fyrirtækja og launþega saman – nú sem aldrei fyrr. Þegar þjóðfélagið væri í þeirri kreppu sem það er í er gríðarlega mikilvægt að þeir einstaklingar og þau fyrirtæki sem komu svo til ólöskuð út úr hruninu drægju vagninn og héldu uppi eftirspurn með því að eiga viðskipti við verslunar- og þjónustufyrirtæki.

Sem betur fer væri ástandið þannig að það væri fullt af fólki og fyrirtækjum sem væri aflögufært og þessir aðilar yrðu að átta sig á því að þeir bera mikla ábyrgð á því að snúa hjólum atvinnulífsins. Til að vernda störf og fjölga störfum verða fyrirtæki að treysta á viðskipti einstaklinga og annarra fyrirtækja og það verða allir að átta sig á því að við erum hluti af sömu keðjunni.

En eitt vandamál okkar Íslendinga um þessar mundir er einmitt hugarfarið – að þeir sem geta framkvæmt sitja með hendur í skauti og á meðan svo er, er erfitt að koma hjólum atvinnulífsins af stað á ný. Það eru ótrúlega margir sem gætu verið að framkvæma og gera alla þessa litlu hluti sem skipta nú sköpum því margfeldisáhrifin eru fljót að segja til sín. Átakið snýst ekki síst um þetta, að allir átti sig á því að hvert og eitt okkar skiptir máli. Að kaup okkar á vöru og þjónustu hefur áhrif á atvinnustig í landinu. Því þurfum við öll að spila saman til að tryggja hagstæð úrslit fyrir okkur öll.



María Jónsdóttir starfsmaður á kjarasviði VR

Drekinn

Mikilvægt að kanna réttmæti uppsagnar strax.

Undanfarin tvö ár hefur ástandið á íslenskum vinnumarkaði verið erfitt og margir hafa þurft að takast á við atvinnumissi með þeim fjárhagserfiðleikum sem slíku fylgir. Það getur hent alla að vera sagt upp starfi, ástæðurnar geta verið margar og uppsögn þarf ekki alltaf að vera persónuleg. Gjaldþrot, hagræðing og niðurskurður hafa verið algengar ástæður undanfarna mánuði og ár. Mikilvægt er að þekkja vel réttindi sín á uppsagnarfresti.

Viðbrögð fólks við uppsögn eru mjög mismunandi. Uppsögn getur verið mikið áfall fyrir starfsmann og getur kallað fram sárar tilfinningar; sorg, reiði og höfnunarkennd. Óvissan sem starfsmaðurinn upplifir eftir uppsögn er gífurlega erfið og hjá mörgum verða framtíðarvæntingar að engu. Tveir bandarískir sálfræðingar, þeir Cochrane og Robertson, hafa búið til lista yfir atburði í lífi einstaklinga og þeirri sálfræðilegu streitu sem þeim fylgja. Stigafjöldi sem nemur hundrað á þessum lista þýðir algert niðurbrot, núll stendur fyrir atburð sem hefur engin áhrif. Listinn sýnir að uppsögn er afar átakamikill atburður. Atburðir eins og þungun og að fara á eftirlaun sýna færri stig en uppsögn sem sýndi 47 stig. Atburðir eins og brúðkaup, alvarlegt sly, veikindi, andlát náins ættingja og fangelsisdómur sýndu svipuð eða fleiri stig. Uppsögn er form af höfnun og höfnun er alltaf erfið fyrir einstakling.

Uppsögn er tilkynning um ráðningarslit. Ráðningarslitin sjálf verða síðar, eða þegar uppsagnarfrestur er liðinn. Uppsögnin sem slík hefur ekki áhrif á réttarstöðu starfsmannsins í starfi, hann heldur öllum starfshlunnindum, áunnum veikindarétti og orlofsrétti og heldur áfram að ávinna sér rétt þann tíma sem uppsagnarfrestur er að líða.

Í kafla 12.1. í kjarasamningi VR og SA segir að starfsuppsögn skuli af beggja hálfu vera ein vika á fyrstu þremur mánuðum í starfi, sem er reynslutími. Eftir þrjá mánuði í starfi skal uppsagnarfrestur vera einn mánuður. Eftir sex mánaða starf skal uppsagnarfrestur vera þrjú mánuðir. Allar uppsagnir skulu vera skriflegar. Að reynslutíma loknum skal uppsögn auk þess bundin við mánaðarmót. Meginreglan er að unnið sé á

uppsagnarfresti en þó er eitthvað um að vinnuveitandi taki þá ákvörðun, þegar hann segir starfsmanni upp störfum, að hann þurfi ekki að vinna út uppsagnarfrestinn. Verður að telja að í krafti skipunarvalds vinnuveitanda sé honum heimilt að mæla svo fyrir, enda greiði hann starfsmanni laun út uppsagnarfrest. Ráðningarsambandið helst þá út uppsagnarfrestinn en vinnuveitandi fellur frá því að krefja starfsmann um vinnuframlag. Öll samningsatriði sem eiga sér stað á milli vinnuveitanda og starfsmanns um eðli ráðningarsambands á uppsagnarfresti skulu vera sett fram skriflega.

Á kjarasviði VR starfa fulltrúar sem veita félagsmönnum ráðgjöf og upplýsingar um réttindi og skyldur. Undanfarið höfum við hjá VR orðið vör við að félagsmenn sem sagt hefur verið upp störfum, leita til okkar nokkuð eftir að uppsögn berst þeim. Mikilvægt er að kanna réttmæti uppsagnar og það sem hún felur í sér strax. Hægt er að tapa réttindum ef leitað er til okkar of seint. Við mælum því með að haft sé samband við VR fljótlega eftir að uppsögn berst, þó það sé ekki nema bara til þess að ræða málin og fá útskýringu á aðstæðum í rólegheitunum, því oft eru sum atriði uppsagnar óskýr. Áfallið sem einstaklingur verður fyrir við uppsögn leiðir gjarnan til mikillar vanlíðunar og doða og er oft ástæða þess að heimsókn til okkar dregst á langinn.

Athugið að réttur launþega til atvinnuleysisbóta er misjafn eftir því hvort starfsmaður segir sjálfur upp störfum eða er sagt upp. Ef starfsmaður segir sjálfur upp störfum lendir hann á tveggja mánaða biðtíma eftir uppsagnarfrest. Ef starfsmanni er sagt upp störfum á hann rétt á atvinnuleysisbótum um leið og uppsagnarfrestur er liðinn.

Kjarasvið VR veitir einnig aðstoð við túlkun ráðningarsamninga, aðstoðar við útreikninga á launum og innheimtu á launum. Auk þess fá félagsmenn aðstoð ef ágreiningur kemur upp á vinnustað og veitir lögfræðiaðstoð tengda kjaramálum. Félagsmenn sem ekki hafa náð lágmarksfélagsgjaldi, þ.e.a.s. eru ekki fullgildir félagsmenn, eiga einnig rétt á aðstoð við kjaramál sín.



Gunnar Jónsson

Virkni mikilvæg

Það er mjög mikilvægt að halda sér í virkni þrátt fyrir að vera atvinnuleitandi. Mín aðferð er sú að sækja námskeið og fyrirlestra sem VR býður upp á. Að mínu mati er sú fræðsla mjög fjölbreytt og þar geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Þá finnst mér ómissandi að vera úti

og ganga mikið. Ég geng þrisvar í viku á Esjuna og hef gert síðan fyrir jóla og fer í styttri gönguferðir inn á milli. Á sumrin fer ég svo í lengri ferðir. Myndin er t.d. tekin í ferð með Útivist síðasta sumar við Sveinstind, Langisjór í baksýn.



Bergþóra Björg Karlsdóttir

Fékk mér matjurtagarð

Á milli þess að vera að leita eftir vinnu hef ég nýtt tímann í námskeið og efla fjölskylduna. Nú er ég á námskeiðinu „Leiðin til velgengni“ og auk þess á námskeiði í samskiptafærni hjá Sirrý. Auk þess hef ég nýtt mér saumanámskeið

og námskeið í stofnun og rekstri smáfyrirtækja hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Síðasta sumar fékk ég mér matjurtagarð á leigu og ætla að vera með hann aftur í sumar. Það er ekkert betra en hollt grænmeti sem ég rækta sjálf.



Sigurbjörg Alda Guðmundsdóttir

Að vera sýnilegur

Þakklæti er það sem er mér efst í huga, þegar ég hugsa um framlag VR í þágu atvinnuleitenda. Ég hef nýtt mér fjöldann allan af námskeiðum til að styrkja mig og til að komast út á meðal fólks til að einangrast ekki í atvinnuleysinu. Það að hafa rútinu

og vera sýnilegur er okkur mjög mikilvægt. Ég hef sótt fjármálanámskeið á vegum velgengni.is, Photoshop námskeið og málunarnámskeið í Hlutverkasetrinu, námskeið í lðnhönnun, asískt matreiðslunámskeið, fundi með Heiðari snyrti, hamingju-sálfræði hjá Önnu Jónu Guðmundsdóttur og fyrirlestur Helgu Bergsteinsdóttur; Að breyta lífstíl. VR bauð upp á ráðgjöf hjá Mími varðandi ferilskrágerð og nýtti ég mér það.

Vertu vakandi og fylgstu með

Alltaf eitthvað í gangi fyrir atvinnuleitendur

Hlutverkasetrið

Hlutverkasetrið sem er flutt í nýtt húsnæði Borgartúni 1, býður upp á 24 mismunandi námskeið, alltaf eitthvað nýtt í gangi. Skoðið www.hlutverkasetur.is

Nýttu kraftinn

Nýttu kraftinn er þriggja mánaða ferli til hvatningar og stuðnings fyrir atvinnuleitendur á vegum Sigríðar Snævarr sendiherra og Maríu Bjarkar Óskarsdóttur viðskiptafræðings. Nýttu kraftinn var sett á laggirnar fyrir um ári síðan og hafa yfir 200 þátttakendur nýtt sér þetta úrræði með mjög góðum árangri en a.m.k. 75% þeirra sem þátt taka eru komnir í nýtt starf eða búnir að marka sér skýr framtíðaráform. Allar nánari upplýsingar og skráningu er að finna á www.nyttukraftinn.is

Velgengni - fjármálaráðgjöf

Næsta námskeið hefst 22. mars nk.

Ef að líf þitt væri kvikmynd, myndist þér hún skemmtileg?

Þetta er nýtt námskeið sem Guðný R. Hannesdóttir handrits-höfundur stýrir. Ef þú svarar þessu neitandi, er þá ekki tími til kominn að endurskrifa handritið? Þetta er skemmtilegt og fjörugt námskeið sem opnar hugann fyrir möguleikum. Fylgstu með nánari upplýsingum um námskeiðin á www.vr.is.

Að lokum er minnt á **líkamsræktarkortin** og **hestaferðirnar** sem eru í boði fyrir atvinnuleitendur. Allar nánari upplýsingar um námskeiðin eru á www.vr.is.



Arnar Kortsson

Skiptir máli fyrir sálina

Ég held ég eigi aldrei eftir að geta lýst því með orðum hvað ég er þakklátur fyrir þau námskeið og fyrirlestra sem ég hef sótt á vegum VR. Það er ótrúlegt hvað líf mitt hefur stækkað með allri þessari fræðslu og fólki sem ég hef fengið að hitta. Sérstaklega þakka ég fyrir allan innblásturinn

og hvatninguna til að halda áfram en ekki að gefast upp í þessari fjármálakreppu. Ég hef lært að leggja mig fram um að standa mig vel í því sem ég geri og vera virkur á hverju degi. Ég skipulegg eina viku fram í tímann og lít á þau verkefni sem ég tek þátt í sem vinnu mína. Þannig hef ég tryggt virkni á hverjum degi í stað að leggjast undir feld og fela mig fyrir lífinu. Því hvet ég alla félagsmenn VR til að nýta sér það sem er í boði því það skiptir máli fyrir sálina.



Í BRENNIDEPLI

Starfslok fyrir héraðsdóm

Þrjú áhugaverðir dómar sem snerta hagi félagsmanna VR hafa fallið í héraðsdómi nýlega. Allir fjalla þeir um starfslok á einn eða annan hátt.

Í máli sem tekið var fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í janúar var fjallað um réttmæti fyrirvarlausrar uppsagnar á konu sem starfaði um nokkurra ára skeið hjá fjármálafyrirtæki. Hún gerði mistök í starf og forsvarsmenn fyrirtækisins gáfu henni tvo kosti; að segja upp störfum eða vera sagt upp. Hún valdi að segja upp sjálf til að halda launum á uppsagnarfresti en telur að í raun hafi henni verið sagt upp til að fyrirtækið kæmist hjá greiðslu samkvæmt kauparéttarsamningi hennar við fyrirtækið. Nokkrum árum fyrr hafði hún keypt hlutabréf í fyrirtækinu og voru í kaupsamningum ákvæði um kauprétt fyrirtækisins að bréfunum þannig að væri henni sagt upp vegna brota í starfi innan tveggja ára eða hún segði af sér væri fyrirtækinu heimilt, en ekki skylt, að kaupa bréfin á tilteknu verði. Við uppsögn innleysti fyrirtækið kaupréttinn í samræmi við þessi ákvæði.

Konan sagðist ekki hafa gerst brotleg í starfi heldur hafi gert mistök sem ekki réttlættu fyrirvaralausar uppsögn. Hún hafi ekki verið áminnt og enginn grundvöllur hafi verið fyrir því að hún segði upp störfum og afsalaði sér þar með kauprétti. Talsmaður fyrirtækisins sagði að brot hennar væri það alvarlegt að

ekki hafi komið annað til greina en að hún hætti störfum. Hún hafi samþykkt of há lán til viðskiptavinar, ekki greint yfirmönnum sínum frá því og haldið áfram lánveitingum eftir að henni hafi verið ljós mistök sín.

Í niðurstöðu dómsins er bent á það að konan hafi ekki ritað uppsagnarbréf sitt sjálf né átt frumkvæði að uppsögninni. Hún hafi ekki fengið umhugsunarfrest eða ráðrúm til að leita sér aðstoðar. Slík framganga væri andstæð góðum venjum í samskiptum vinnuveitenda og starfsmanna. Dómurinn taldi því yfirlýsingu um að hún hafi framið brot í starfi ógilda. Í dómnum segir jafnframt að fullyrðingar fyrirtækisins, um að hún hafi lánað of háar upphæðir til viðskiptavina vísitandi, væru með öllu ósannaðar og að ósannað væri að hún hafi leynt mistökum sínum. Því er ósannað að hún hafi framið brot í starfi í skilningi ákvæðis í kauparéttarsamningnum. Fyrirtækinu var gert að greiða félagsmanninum eðlilegt markaðsverð fyrir bréfin auk málskostnaðar.

Mikilvægi skriflegs ráðningarsamnings ítrekað

Í tveimur öðrum nýlegum málum var fjallað um uppsagnarfrest og greiðslur launa og

orlofs. Í fyrra dæminu hafði launagreiðandi ekki staðið skil á launagreiðslum í uppsagnarfresti en í því síðara kom einnig til munnlegur ráðningarsamningur sem deilt var um. Í hvorugu tilfellinu lá hins vegar fyrir skriflegur ráðningarsamningur. Málavextir í fyrra málinu eru þeir að félagsmaður VR hafði starfað í verslun einni í tæpt ár en var svo vikið úr starfi með bréfi. Ástæðurnar voru sagðar samdráttur og lokun verslunarinnar. Í uppsagnarbréfi var sagt að uppsagnarfrestur væri ein vika. Félagsmaðurinn starfaði hins vegar áfram hjá fyrirtækinu framyfir þann tíma en svo var frekara vinnuframlagi hans hafnað einhliða af vinnuveitanda. Í niðurstöðu dómsins segir að uppsagnarbréfið þar sem fram komi að uppsagnarfrestur sé ein vika feli ekki í sér samþykki fyrir styttri uppsagnarfresti en gildandi kjarasamningur segi til um, þ.e. þrjú mánuðir, enda skilji dómurinn orðalag bréfsins sem einhliða yfirlýsingu vinnuveitanda fremur en samkomulag þeirra í milli. Dómurinn bendir jafnframt á að þetta hafi ekki þýðingu í málinu þar sem félagsmaðurinn hélt áfram að vinna fyrir fyrirtækið þar til honum var vikið fyrirvaralaust úr starfi. Óljóst hafi verið hvernig starfstími hans átti að vera þar sem enginn skriflegur samningur lá

fyrir og ósannað sé að honum hafi verið sagt upp að undangengnum áminningum. Vinnuveitandinn hafi ekki getað sýnt fram á að hann hafi haft rétt til að víkja félagsmanninum fyrirvaralaust úr starfi. Dómurinn féll því félagsmanninum í hag.

Seinna málið málið varðaði deilur um starfslok, ráðningarsamning og ágreining um uppgjör launa. Málavextir voru þeir að félagsmaður VR starfaði í verslun í Reykjavík frá lok maí 2007 fram í miðjan ágúst það sama ár. Hann hélt því fram fyrir dómi að hann hafi að jafnaði unnið meira en ráðningarsamningur kvað á um en hafi ekki fengið greitt í samræmi við vinnuframlag sitt og að misræmi hafi verið á greiddum launum og uppgæfum launum samkvæmt launaseðlum. Þá gerir hann kröfu um greiðslu áunnins orlofs sem fyrirtækið hafi ekki staðið skil á.

Atvinnurekandinn bar því við að tímaskýrslur félagsmannsins hafi verið rangar, hann hafi ekki gert upp vöruúttektir úr versluninni áður en hann hætti störfum og hafi að auki hætt fyrirvaralaust störfum. Atvinnurekandinn eigi þannig inni óunnar vinnustundir hjá félagsmanninum.

Í forsendum dómsins er bent á að ekki hafi verið um skriflegan ráðningarsamning að ræða heldur munnlegan. Deilur séu á milli aðila um hvort umsamin laun hafi verið jafnaðarkaup eða miðist við dagvinnu eingöngu eins og félagsmaðurinn telur. Dómarinn styður málstað félagsmannsins og segir atvinnurekandann bera sönnunarbyrði fyrir því að greiðsla fyrir utan dagvinnutímabil eða umfram mánaðarlega vinnuskyldu hafi verið innifalin í launakjörum félagsmannsins. Það hafi hann ekki sýnt fram á. Þá dæmir héraðsdómur atvinnurekandann til að greiða áunnið orlof.

Þá hafnar dómurinn kröfu atvinnurekandans um bætur vegna þess að félagsmaðurinn hafi hætt fyrirvaralaust á þeim forsendum að í vaktplani sem fyrirtækið lagði fram í málinu komi skýrt fram að félagsmaðurinn muni hætta störfum á þeim tíma sem hann hætti. Varðandi vöruúttekt úr versluninni hafði félagsmaðurinn viðurkennt skuldajöfnuð vegna hennar sem dómurinn telur fullnægjandi. Niðurstaða dómsins er því félagsmanninum í hag.

STJÓRN VR

Varaformannsskipti

Ásta Rut Jónasdóttir nýr varaformaður VR



Í kjölfar vantrauststillögu á Bjarka Steingrímsson sem varaformann stjórnar VR sem samþykkt var á fundi stjórnar VR þann 16. desember sl. var Ásta Rut Jónasdóttir kjörin varaformaður félagsins. Ástæður vantraustsins á Bjarka eru trúnaðarrestur og samstarfsörðugleikar.

Eftir kosningar til stjórnar VR í vor skipti stjórn með sér verkum og fól Bjarka að fara með embætti varaformanns. Formaður VR er talsmaður félagsins út á við en í forföllum hans sinnir varaformaðurinn því hlutverki. Málfrlsi tíðkast innan stjórnar VR og eru ákvarðanir teknar á lýðræðislegan hátt. Mikilvægt er að stjórnarmenn tali ekki gegn ákvörðunum stjórnar, sérstaklega er mikilvægt að forsvarsmenn stjórnarinnar séu samstíga. Það hefur Bjarki ekki virt, að mati stjórnar. Hann hefur ítrekað, í nafni félagsins, talað gegn ákvörðunum stjórnar VR, bæði við fjölmiðla og annars staðar á opinberum vettvangi. Ummæli hans hafa iðulega komið formanni og stjórn í opna skjöldu. Þá hefur Bjarki dylgjað um meint leynimakk innan félagsins, farið með ósannindi og sakað samstjórnendur sína um blekkingar. Hann hefur ásað félagið og verkalýðshreyfinguna alla um að ganga erinda stjórn málaflokka og vinna vísitandi gegn hagsmunum félagsmanna. Sú staðhæfing er fráleit og eingöngu til þess fallin að mynda gjá milli félags og félagsmanna á tímum þegar samstaða skiptir öllu máli.

Á RÖLTINU

Félagsmenn VR

VR blaðið rölti um Skeifuna í lok febrúar og heimsótti nokkra félagsmenn og spurði þá spjörunum úr um hitt og þetta.



Drífa Hilmarsdóttir

Vörustjóri – Epal

Stjörnumerki? Bogmaður

Uppáhalds vetrar dægrardvöl? Göngutúr í fallegu vetrarveðri í kringum Tjörnina og enda svo í sundi í Nes lauginni.

Uppskrift að kósý vetrarkvöldi? Fullt af kertum og góður matur í félagsskap góðra vina

Bókin á náttborðinu? Var að kaupa mér nýjustu bókina eftir Liza Marklund „The Place in the Sun“. Bókin „Súkkulaði ást“ er aldrei langt undan!

Er búið að ákveða eitthvað ferðalag í sumar? Fara og heimsækja börnin mín (dóttir og tengdason) til Belgíu.

Heit kakó með rjóma eða rauðvín? Rauðvín. Frönsk rauðvín eru alltaf í miklu upphaldi ásamt góðu súkkulaði.



Þórbergur Guðmundsson

Sölumaður – Suzuki bílar hf.

Stjörnumerki? Vog

Uppáhalds vetrar dægrardvöl? Keyra um á Suzuki-inum mínum og slappa af í bústaðnum.

Uppskrift að kósý vetrarkvöldi? Eiga notalega stund með frúnni og laga góðan mat.

Bókin á náttborðinu? Er að lesa Gerplu eftir Laxness. Las hana reyndar fyrir löngu síðan en það er alltaf hægt að lesa Laxness aftur.

Er búið að ákveða eitthvað ferðalag í sumar? Ekkert ákveðið eins og er. Kannski eitthvað skrepp til nágrennalandanna.

Heit kakó með rjóma eða rauðvín? Rauðvín. Suður Afrísk rauðvín eru í miklu upphaldi.



Selma Gísladóttir

Sölukona – Pfaff

Stjörnumerki? Ljón

Uppáhalds vetrar dægrardvöl? Skíði og skautar. Stefni á að fara norður á skíði um páskana.

Uppskrift að kósý vetrarkvöldi? Fullt af kertum og dreypa á góðu rauðvíni fyrir framan arininn.

Bókin á náttborðinu? Er að lesa „Glerkastalinn“ eftir Jeannette Wallis. Frábær bók!

Er búið að ákveða eitthvað ferðalag í sumar? Ætla að fara norður á Fiskidaga í Dalvík og kíkja svo á handverkssýninguna á Hrafnagili.

Heit kakó með rjóma eða rauðvín? Rauðvín. Það jafnast fátt á við gott rauðvín.



Arnrún Lea Einarsdóttir

Sölukona – Baby Sam

Stjörnumerki? Sporðdreki

Uppáhalds vetrar dægrardvöl? Snjóbretti. Ætla norður á bretti um páskana.

Uppskrift að kósý vetrarkvöldi? Skella í eina skúkkulaðiköku og kveikja á fullt af kertum.

Bókin á náttborðinu? Er að lesa „Sex grunaðir“ eftir Vikas Swarup, höfund „Viltu vinna milljarð.“

Er búið að ákveða eitthvað ferðalag í sumar? Vonandi fer ég til Danmerkur að vinna sem flugfreyja í sumar.

Heit kakó með rjóma eða rauðvín? Heitt kakó með rjóma!

Nýársfundur 2010

Á árlegum Nýársfundi VR, sem haldinn var 28. janúar 2010, var gengið frá listaframboði trúnaðarráðs og trúnaðarmanna á vinnustöðum til fjögurra sæta í stjórn félagsins og 82ja sæta í trúnaðarráði fyrir næsta kjörtímabil. Ekki komu fram tillögur á fundinum um aðra frambjóðendur á listann og var hann samþykktur. Lágmarkspáttaka náðist hins vegar ekki á fundinum til að hægt væri að ganga til kosninga um frambjóðendur trúnaðarráðs og trúnaðarmanna í þau sæti sem boðin eru fram í einstaklingskosningu (þrjá aðalmenn í stjórn og þrjá til vara). Rétt til setu á Nýársfundi eiga fulltrúar í trúnaðarráði VR og trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum og til að kosning teljist lögleg þurfa a.m.k. 40% þeirra að vera mættir þegar atkvæðagreiðsla fer fram. Því var samþykkt að efna til kosninga meðal trúnaðarráðs og trúnaðarmanna og fóru þær fram í febrúar. Alls kusu 87 eða 33,1%. Eftir að niðurstöður lágu fyrir dró fyrsti varamaður framboð sitt til baka, en viðkomandi hafði ekki gefið kost á sér til varamanns, og eru niðurstöðurnar því sem hér segir:

Sem aðalmenn í stjórn		% af gr. atkvæðum
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir	Verkfr.félag Íslands	84,9%
Guðrún Helga Tómasdóttir	Icelandair	76,7%
Hildur Mósesdóttir	Iceland Express	76,7%

Sem varamenn í stjórn		% af gr. atkvæðum
Birgir Már Guðmundsson	Sorpa	57,0%
Benedikt Vilhjálmsson	Fálkinn	57,0%
Bjarni Þór Sigurðsson	365 miðlar	46,5%

Boðað til allsherjarkosninga

Að loknum kosningum meðal trúnaðarráðs og trúnaðarmanna auglýsti kjörstjórn eftir öðrum framboðslistum fjögurra stjórnamanna og 82 í trúnaðarráð. Framboðsfrestur listaframboða var sá sami og frestur einstaklinga til að óska eftir allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu um sitt framboð, en þeir sem buðu sig fram í stjórn VR fyrir framboðsfrest kl. 12:00 á hádegi 31. desember 2009 og sem ekki náðu kjöri vegna framboðs trúnaðarráðs og trúnaðarmanna í stjórn gátu óskað eftir allsherjarkosningum í félaginu, sbr. 20 gr. laga VR. Tvö framboð bárust til stjórnar og eitt listaframboð auk framboðs trúnaðarráðs og trúnaðarmanna VR. Sjá umfjöllun á næstu síðu.

Þar sem eingöngu bárust framboð frá 3 einstaklingum til varamanns í stjórn VR og framboð viðkomandi eru löglega fram borin skv. lögum VR teljast eftirtaldir réttkjörnir sem varamenn í stjórn VR :

Birgir Már Guðmundsson
Benedikt Vilhjálmsson
Bjarni Þór Sigurðsson

Ekki verður því kosið um einstaklinga í varastjórn.



Kosningar í VR 2010

Framboðsfrestur vegna annarra framboða en framboðs trúnaðarráðs og trúnaðarmanna VR vegna kosninga til stjórnar og trúnaðarráðs VR 2010 rann út á hádegi miðvikudaginn 24. febrúar sl. Tvö framboð bárust til stjórnar í einstaklingskjöri og einn listi til stjórnar og trúnaðarráðs. Kjörstjórn úrskurðaði að framboðin uppfylli ákvæði laga VR og teljast þau því löglega fram borin.

Allsherjarkvæðagreiðsla 15. – 29 mars 2010

Allherjarkosningar verða í félaginu í mars, þær hefjast kl. 9:00 að morgni mánudagsins 15. mars og þeim lýkur kl. 12:00 á hádegi mánudaginn 29. mars. Kosið verður milli eftirfarandi:

Til stjórnar VR (einstaklingskjör):

Guðrún Helga Tómasdóttir, Icelandair
Hildur Mósesdóttir, Iceland Express
Hallur Eiríksson, Rúmfatalagerinn
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Verkfræðingafélag Íslands
Guðmundur Ingi Kristinsson

Listaframboð með framboðum til 4 stjórnarmanna og 82 í trúnaðarráð:

A listi sameinaðs VR, listi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna VR
L listi Opins lýðræðis í VR

Ítarlegri upplýsingar um frambjóðendur er að finna á næstu síðum og á kosningavef VR, kosninga.vr.is

Fyrirkomulag kosninga

Atkvæðagreiðslan er rafræn og er aðgangur að atkvæðaseðli frá Mínum síðum á heimasíðu VR www.vr.is. Til að greiða atkvæði þarf lykilorð inn á Mínar síður. Þeir sem ekki hafa lykilorð geta sótt um það sem hér segir:

1. Smellið á hnappinn Mínar síður í hægra horninu efst á heimasíðu VR, www.vr.is.
2. Sláið inn kennitöluna og lykilorðið verður sent í heimabanka og birtist þar undir heitinu Lykilorð frá VR sem hér segir:

Hjá Íslandsbanka má finna lykilorðið undir *Yfirlit > Netyfirlit > Öll netyfirlit*
Hjá Arion og Landsbankanum má finna lykilorðið undir *Rafræn skjöl*
Hjá Byr sparisjóði má finna lykilorðið undir *Yfirlit > Rafræn skjöl*

Félagsmenn sem þess óska geta fengið lykilorð sín send í pósti með því að hafa samband við þjónustufulltrúa VR í síma 510 1700 eða senda tölvupóst með upplýsingum um kennitölu til vr@vr.is. Lykilorð eru ekki gefin upp í gegnum síma eða send í tölvupósti.

Á forsiðunni á Mínum síðum er hlekkur, Kosningar 2010, sem leiðir kjósendur á síðu með ítarlegri upplýsingum um framkvæmdina. Notast er við kosningakerfi Íslendingavals en Skýrr hýsir rafrænan atkvæðaseðil og niðurstöður kosninganna.

Félagsmönnum er einnig velkomið að greiða atkvæði á skrifstofum VR í Reykjavík, Vestmannaeyjum, á Akranesi og Egilsstöðum á meðan á kjörfundi stendur. Atkvæði verða talin um leið og kjörfundi lýkur.



Einstaklingsframboð til stjórnar VR



**Guðrún
Helga
Tómasdóttir**

Fædd:

9. júlí 1962

Félagssvæði:

Reykjavík og
nágrenni

Vinnustaður og starf: Starfa hjá Icelandair í Reykjavík í viðskiptasöludeild.

Menntun: Stúdentspróf frá MS, BA próf í ensku frá heimspekideild HÍ, lata Uffta ferðamálaþróf tekið í fjarnámi 1997.

Reynsla af félagsstörfum: Starfaði sem ritari hjá Starfsmannafélagi Icelandair í 4 ár og sótti á þeirra vegum ráðstefnur bæði í Ísrael og Ítalíu á vegum Asca sem er félagsskapur flugfélaga í heiminum. Hef einnig tekið þátt í áhugaleiksyningum með leikfélaginu Peðinu.

Áherslur vegna framboðs til stjórnar:

Byð mig fram til setu í stjórn VR vegna áhuga á félagsmálum og kjörum VR félaga. Í mínum huga er VR mjög gott félag en það er mjög mikilvægt að fólk vinni saman af einhug og dug. Því miður hafa deilur í félaginu haft neikvæð áhrif á skoðanir fólk á VR og því þarf að breyta. Ég vil að VR beiti sér fyrir því að minnka launamun milli kynja, það er sorglegt hvað lítið hefur áunnist í því og hvað konur verðleggja sig lágt. Leggja áherslu á að launaleynd verði afnumin því að í sumum fyrirtækjum er hún notuð sem tæki til að halda launþegum niðri. Stefna að jöfnuði fyrir launþega og stefna að hækkun lægstu launa.

Netfang: ght@icelandair.is



**Hildur
Mósedóttir**

Fædd:

6. febrúar 1963

Félagssvæði:

Reykjavík og
nágrenni

Vinnustaður og starf: Iceland Express, aðalbókari.

Menntun: Viðurkenndur bókari frá HR og Rekstrar- og stjórnunarnám hjá HA í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu.

Reynsla af félagsstörfum: Var trúnaðarmaður VR í 4 ár ásamt því að vera í mjög virk í Trúnaðarráði. Einnig var ég í nefnd sem vann að breytingum á kosningalögum VR, vinnunefnd um gerð síðareglna og verklagsreglna VR. Hef setið þrjú ASÍ Ársfundi og einn landsfund hjá Landssambandi ísl. verzlunarmanna. Sótti nám á vegum Símenntunar fyrir starfsmenn og forystumenn verkalýðsfélaga í gengum VR. Þar kynntist ég málefnum annara verkalýðsfélaga og starfsmönnum þeirra.

Áherslur vegna framboðs til stjórnar:

Ég mun leggja mikla áherslu á að gera VR aftur að því framsækna stéttarfélagi sem það var. Of mikill tími fór á síðasta ári í að reyna að grafa upp ætluð svik í stað þess að snúa sér að því sem brennur heitast á launamönnum í dag. Ég vil skoða það alvarlega að segja okkur úr Landssamb. ísl. verzlunarmanna og í framhaldinu ASÍ. Ég vil ekki gera VR að pólitískum samtökum en við eigum að hafa skoðun á stóru málunum með hagsmuni launamanna VR í huga. Einnig vil ég opna félagið meira fyrir grasróttinni, deildarskipta félaginu svo hægt sé að berjast fyrir hina ýmsu sérhópa innan VR, stofna ungliðahreyfingu og halda áfram að uppræða félagsmenn um starf VR og hvernig verkalýðshreyfingin er uppbyggð.

Netfang: hildurmoa@gmail.com



Hallur Eiríksson

Fæddur:

15. febrúar 1963

Félagssvæði:

Reykjavík og nágrenni



Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

Fædd:

13. september 1970

Félagssvæði:

Reykjavík og nágrenni



Guðmundur Ingi Kristinsson

Fæddur:

14. júlí 1955

Félagssvæði:

Reykjavík og nágrenni

Vinnustaður og starf: Rúmfatalagerinn, aðstoðarverslunarstjóri.

Reynsla af félagsstörfum: Hef verið félagi í VR sl.13 ár. Var trúnaðarmaður hjá Dagsbrún á árum áður, sat þar í trúnaðarráði og sótti ýmis námskeið á þess vegum. Einnig sat ég í samninganefnd félagsins. Eins var ég trúnaðarmaður hjá lðju félagi verksmiðjufólks um tíma. Að auki hef ég starfað mikið að íþróttamálum og hef meðal annars setið í stjórn unglingaráðs í knattspyrnufélagi.

Áherslur vegna framboðs til stjórnar:

Við verðum að bæta kjör og réttindi allra félagsmanna, ekki síst þeirra sem hafa lægstu launin. Ég vil sjá aukið lýðræði og gagnsæi í starfsemi félagsins. Það þarf að vinna að bættri ímynd VR og koma á stöðugleika í félaginu. Við þurfum að virkja unga félagsmenn til að taka þátt í störfum á vegum félagsins. Ég vil stórefla kjarabaráttu félagsins, því öðruvísi náum við ekki árangri. Nái ég kjöri mun ég starfa að heilindum fyrir alla félagsmenn.

Netfang: hallure@visir.is

Vinnustaður og starf: Ritari, fulltrúi í móttöku á skrifstofu Verkfræðingafélags Íslands, Tæknifræðingafélags Íslands, Stéttarfélags verkfræðinga og Kjarafélags tæknifræðinga.

Menntun: Leikhúsmentun frá Orange Coast College, Kaliforníu.

Reynsla af félagsstörfum: Í foreldrafélagi Tjarnarborgar var ég gjaldkeri, sömuleiðis var ég gjaldkeri áhugamannaleikfélags Íslendinga í Ósló. Í Melaskóla hef ég verið bekkjarfulltrúi í nokkur ár. Síðastliðin tvö ár hef ég verið í mjög virk í stjórn sunddeildar KR.

Áherslur vegna framboðs til stjórnar:

Eftir bankahrunið og efnahagsáfallið hefur krafa um aukna þátttöku kvenna orðið mjög hávæ. Sextíu prósent félagsmanna VR eru konur en kynjahlutfall í stjórn og trúnaðarráði endurspeglar það ekki. Þessu geta jafnréttissinnar, konur jafnt sem karlar, breytt. Ég býð mig fram á mínum eigin forsendum og heiti því að vinna af heilindum í þágu allra félagsmanna. Ég mun beita mér fyrir enn frekara gagnsæi í starfsemi félagsins og leggja mig alla fram um að stuðla að jafnrétti, samstöðu og friði meðal félagsmanna. Þótt sjálfsgætt sé að skoðanir séu skiptar innan VR eins og annars staðar í þjóðfélaginu verða langvinnar deilur fylkinga og skotgrafahernaður engum til framdráttar.

Netfang: i.birgisdottir@gmail.com

Vinnustaður og starf: Öryrki eftir umferðaslys á leið heim úr vinnu (Brynja Laugaveg 29, Rvk.) og í 100% rétti. Vann í Brynju í rúm 12 ár og áður sem lögreglumaður í um 7 ár í Grindavík og Keflavík.

Menntun: Ármúlaskóli trésmiðadeild, lðnskólinn Reykjavík trésmiði, NTV skrifstofu- og tölvunám, netsíðu- og myndvinnsla.

Reynsla af félagsstörfum: Í VR í um 19 ár og þar af sem öryrki í um 7 ár, en við það að verða öryrki 1993, var ég afskráður hjá VR í rúm 9 ár, en varð aftur virkur félagi í maí 2003, eftir baráttu fyrir því að öryrkjum væri heimilt að vera VR félagi eftir örorku vegna slyss eða veikinda. Ég borga 1% af lífeyrissjóðsgreiðslum í félagsgjald. Í trúnaðarráði VR og á ASÍ þingi og lagt fram tillögur þar er varða réttindi slasaðra og veikra VR félaga og öryrkja í baráttu við tryggingafélög og TR. Var tryggður í bak og fyrir, en svo til engar bætur.

Áherslur vegna framboðs til stjórnar:

Lágmarkslaun hjá VR eru um kr. 160.000 á mánuði, en meðallaun um kr. 400.000. Kr. 300.000 í laun á mánuði til lágmarksframfærslu er réttlátt og það sama fyrir öryrkja og lífeyrisþega. Verðtryggingu burt og einnig fyrirtækið ASÍ. Lífeyrissjóður verzlunarmanna gaf Bakkavör kr 7.000.000.000, sjö milljarða króna? Það eru innborgaðar greiðslur 700 félaga í fjórtíu ár. Heildartap um eitthundrað milljarðar? Þetta er fáránlegt og má ekki koma fyrir aftur. Ekki semja við Bakkabræður eða aðra útrásarvíkinga. Lán til Live félaga sem greiða í sjóðinn er 65% veðhl. í fasteign, en til Bakkabr. og fl. ekkert veð bara nafnspjald og afskrifað þeim, en ekki sjóðsfélögum? Stöðvum þetta strax.

Netfang: gik@simnet.is

Heimasíða / blogg síða: gik.blog.is

A listi sameinaðs VR, listi stjórnar og

Sameinað og sterkt VR

A-listinn sameinar nýliða úr kosningunum í fyrra við reynslu fyrri ára, ásamt því sem nýir einstaklingar bætast nú við. Markmið okkar er að félagið standi sterkar en nokkru sinni fyrir með félagsmönnum sínum í baráttunni fyrir bættum kjörum. Það er höfuðatriði að fulltrúar sem flestra félagsmanna hafi áhrif á framtíð félagsins. Ný stjórn og nýtt trúnaðarráð þarf að endurspeglar breidd félagsins með tilliti til kyns, aldurs, landshluta, starfsgreina og vinnustaða. A-listinn uppfyllir öll þessi skilyrði.

VR eru samtök 28 þúsund félagsmanna sem starfa í fjölbreyttu litrófi verslunar og þjónustu. Í sameinaðari breiðfylkingu okkar felst hinn mikli kraftur og áhrifamáttur félagsins. A-listinn stendur fyrir sameinað, sterkt og ábyrgt VR á kjarasamningsári.



Jóhanna S. Rúnarsdóttir

Fædd:

10. mars 1968

Félagssvæði:

Reykjavík og nágrenni

Vinnustaður og starf: Gjaldkeri hjá Ölgerðinni hf.

Menntun: Stúdent af Viðskiptabraut. Félagsmálaskóli Alþýðu – Rekstrar og stjórnunarnám við HA á Akureyri. Árið 2009 fór ég í 4 vikna félagsmálaskóla, Genfarskólann, á vegum ASÍ um ILO.

Reynsla af félagsstörfum: Ég var trúnaðarmaður hjá B&L árin 2003-2006. Sótti um í varastjórn 2007 og var þar í eitt ár. Tók þátt í fyrsta einstaklingsframboði til stjórnar VR árið 2008 samkvæmt nýjum lögum félagsins og var kosin í stjórn til 2010. Er í dag ritari stjórnar VR og jafnframt nefndarmaður í Orlofsstjórn VR og vara- maður í Vinnumarkaðsnefnd ASÍ til 2010. Tekið þátt í nokkrum ASÍ og LÍV þingum. Hef jafnframt setið í stjórnnum foreldrafélaga, gjaldkeri í starfsmannafélagi auk annarra félagsstarfa.

Áherslur í framboði til stjórnar:

Ég er í félagslegu starfi af áhuga og hugsjón af því að ég hef gaman af að vinna með fólki og fyrir VR félagsmenn. VR hefur alltaf verið sýnilegt félag og verið í fararbroddi stéttarféлага með margar góðar nýjungar fyrir sína félagsmenn en ég vil stuðla að því að svo verði áfram. Oft er nauðsyn en nú er þörf á að gæta réttinda og hagsmuna VR félaga með sérstaka áherslu á unga fólkið. Ég vil einnig leggja áherslu á að efla grasrótina og virkja félagsmenn til að taka þátt í starfi félagsins því öflugt félag byggist á virkni félagsmanna. Ég legg áherslu á að vinna vel og heiðarlega að þeim málum sem VR þarf að fást við í sínu starfi og að félagið verði áfram sterkt stéttarfélag með frumkvæði og framsækni að leiðarljósi.

Netfang: johannas68@hotmail.com

trúnaðarmanna



Jón Magnússon

Fæddur:

20. janúar 1952

Félagssvæði:

Reykjavík og nágrenni

Vinnustaður og starf: Starfar sem þjónustufulltrúi hjá Heklu ehf.

Reynsla af félagsstörfum: Hef starfað sem trúnaðmaður Heklu ehf. síðan 1981, kom fyrst að stjórnarstörfum VR sem varamaður í stjórn 2002. Hef setið í stjórn sjúkrasjóðs VR síðan 2006 og var kosinn í stjórn VR árið 2008. Hef sótt þing ASÍ og LV og á sæti í trúnaðarmannaráði VR. Sat í stjórnnum knattspyrnu- og handknattleiksdeildar UMF Fjölnis og um tíma í aðalstjórn félagsins.

Áherslur í framboði til stjórnar:

Mikilvægi þess að lægstu laun hækki og atvinnuleysi minnki á næstu misserum.

Áframhaldandi styrking sjúkrasjóðs VR og að starfsöryggi verði tryggt betur en áður. Þá þarf að lengja orlof félagsmanna með tímanum. Stærsta atriðið er þó að halda áfram að byggja upp félagið og skapa virðingu og réttlæti innan þess sem utan.



Sigríður Stefánsdóttir

Fædd:

21 janúar 1961

Félagssvæði:

Reykjavík og nágrenni

Vinnustaður og starf: Sögn ehf / Blueeyes Productions, Fjármálastjóri.

Menntun: MBA, Rekstrarhagfræðingur (Business Administration)

Reynsla af félagsstörfum: Varamaður í stjórn VR síðan 2009, 13 ár í stjórn húsfélagsins Mosarima 9-15 og gjaldkeri.

Áherslur í framboði til stjórnar:

Ég vil beita mér fyrir raunkjarabótum fyrir félagsmenn. Verndun réttinda félagsmanna og aðstoð til þeirra. Aðhaldi í fjárstýringum félagsins í samræmi við markmið félagsins að hverju sinni

Netfang: sigga@blueeyes.is



Sigurður Sigfússon

Fæddur:

1. maí 1948

Félagssvæði:

Reykjavík og nágrenni

Vinnustaður og starf: Markaðsfulltrúi hjá N1.

Menntun: Samvinnuskólapróf og framhaldsnám í norska samvinnuskólanum.

Reynsla af félagsstörfum: Formaður Starfsmannafélags ESSO á árunum 2000 – 2004. Í stjórn og síðar formaður Deildar Samvinnustarfmanna í VR. Deildin var lögð niður 1996. Í stjórn VR sem varamaður frá 1995 en aðalmaður í stjórn frá 2000. M.a. setið í laganevnd, stjórn sjúkrasjóðs, stjórn orlofssjóðs o.fl. Í stjórn fjölskyldu- og jafnréttisnefndar ASÍ síðan 2006. Í stjórn Samvinnulífeyrissjóðsins og síðar Stafa lífeyrissjóðs frá árinu 2002.

Áherslur í framboði til stjórnar:

Kjaramál, lífeyrismál, jafnréttismál og orlofsmál eru helstu baráttumál mín innan stjórnar VR. Brýnasta verkefnið núna er að koma á stöðuleika í VR og hefjast handa við að byggja upp jákvæða ímynd þess að nýju. Eyðileggingarstarfsemi og niðurrifi verður að linna. Gerum VR aftur að því fyrirmyndar stéttarfélagi sem það var. Í kjaramálum verður áherslan að vera á að halda áunnum réttindum og launum. Það gerum við best í samfloti við LÍV og ASÍ. Stöndum vörð um lífeyrissjóðina sem verkalýðshreyfingin hefur byggt upp á síðastliðnum 40 árum. Þeir eru sá bakhjarl sem við treystum öll á núna. Líka til að koma hjólum atvinnulífsins í gang.

Netfang: sigurdur@n1.is

L listi Opins Lýðræðis í VR

Stöndum við stóru orðin

Við kosningarnar í fyrra til stjórnar voru viðhöfð mörg stór orð. Um leið og hluti þeirra sem var kjörinn settust í mjúka stóla hurfu þessi loforð út í veður og vind. Allt sem talað var um er nú til skoðunar, athugunar eða í nefnd. Það þýðir að það verður ekkert gert. Þrír fulltrúar sem kjörnir voru hafa þó reynt að koma hlutum í framkvæmd án árangurs þar sem þeir eru í minnihluta.

Við sem nú bjóðum fram ætlum að hefja endurreisn VR, opna félagið og svipta hulunni af leyndarmálum Lífeyrissjóðsins sem er í feluleik með okkar peninga.



**Kristín Guðbjörg
Ingimundardóttir**

Fædd:

6. júlí 1970

Félagssvæði:

Reykjavík og
nágrenni

Vinnustaður og starf: Radix ehf. – Betra bak,
starfa við bókhald, laun og afgreiðslu.

Reynsla af félagsstörfum: Handknattleiksdeild ÍR stjórn,
barna & unglíngaráðs og meistaraflokks 2005 til vors
2009, Kvennakór Hafnarfjarðar sat þar í stjórn, nú er ég
súkkulaði kleina sem mæti til að syngja og hafa gaman,
Gígjan - Samband ísl. kvennakóra stjórn 2003-2004. Setið
í foreldraráðum leikskóla og skóla dætra okkar hjóna.

Áherslur í framboði til stjórnar:

Heiðarlegt og opið félag fyrir félagsmenn.

Netfang: kristin@patro.is



Salvör Lilja Brandsdóttir

Fædd:

3. janúar 1966

Félagssvæði:

Reykjavík og nágrenni

Vinnustaður og starf: Grand Hótel Reykjavík, ráðstefnudeild.

Menntun: Stúdent frá Fjölbrautarskóla Vesturlands, matriðslumaður frá Hótel og Veitingaskólanum, meistaranám í matriðslu - matriðslumeistari.

Reynsla af félagsstörfum: Sat í nemendaráði Fjölbrautaskóla Vesturlands. Var trúnaðarmaður á vinnustað í nokkur ár, sótti námskeið á vegum Matvís varðandi störf trúnaðarmanna, réttindi og skyldur. Sat í stjórnnum foreldrafélaga leikskóla barnanna. Einnig í fulltrúaráði foreldrafélags grunnskóla nokkra vetur. Var í stjórn Cp félagsins tvö kjörtímabil. Félagið vinnur að hagsmunamálum hreyfihamladra einstaklinga með CP ásamt fræðslu og kynningarstarfi. Er von skipulags og framkvæmdarvinnu í starfi.

Áherslur í framboði til stjórnar:

VR er gott félag sem hefur notið þess að hafa hæfileikaríkt starfsfólk sem vinnur gott starf, í þágu félagsmanna. Það væri mér heiður að fá tækifæri til að starfa með stjórn félagsins. Helstu áherslur eru heiðarleiki – gagnsæi, gott aðgengi félagsmanna að upplýsingum. Að félagið standi með félagsmönnum á erfiðum tímum. Virkni félagsmanna, hagsmunir félagsmanna, aukið lýðræði. Eðlilega endurnýjun stjórnarmanna og reglulega endurnýjun í nefndum á vegum VR. Aukið vægi trúnaðarráðs við ákvarðanatökur – valdreifing. Að lægstu taxtar félagsins verði í forgangi varðandi launamræðu. Einfaldara kosningakerfi til stjórnar og trúnaðarmannaráðs.

Netfang: salvor@midborg.is



Björn S. Lárusson

Fæddur:

7. maí 1955

Félagssvæði:

Reykjavík og nágrenni

Vinnustaður og starf: Viðskiptafræðingur og markaðsfræðingur. Vann síðast við upplýsingamál og almannatengsl og þar áður upplýsingafulltrúi Bechtel á Reyðarfirði. Nú sem stendur er ég einn af fjölmörgum atvinnulausum verslunarmönnum.

Reynsla af félagsstörfum: Var tengiliður á milli starfsmanna og Bechtel Inc. sem byggði álver Alcoa á Reyðarfirði 2005 - 2007. Formaður skólaneftdar á Akranesi 2002 - 2005, í hafnarstjórn Akraneshafnar 2002-2005. Formaður Framsóknarfélags Akraness 2002 – 2005, í miðstjórn Framsóknarflokksins 2002 – 2005 og í stjórn kjördæmasambands flokksins í Norðvestur kjördæmi á sama tíma. Hættur þátttöku í stjórn málum.

Áherslur í framboði til stjórnar:

Opið lýðræði í VR með því að: Upplýsa félagsmenn um starfsemi og stjórnarhætti – allt upp á borðið. Einfalda skipulag félagsins og kosningar til stjórnar. Auka bein áhrif félagsmanna á ákvarðanir. Svípta hulunni af pukrinu í Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Auka áhrif félagsmanna í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Ég vil gera skipulag og stjórnun VR einfalda, gegnsæja og skilvirka. Ég vil að við félagsmenn fáum að vita hvað varð um peningana okkar í Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Öllum leyndarhjúpi á starfi stjórnar VR og stjórnar Lífeyrissjóðsins verður svipt burtu. Ég mun ekki loka blogginnu mínu eftir kosningar þannig að félagsmenn geta alltaf séð stefnu mína og markmið.

Netfang: bjorn.larusson@gmail.com

Heimasíða: <http://blog.eyjan.is/bjorn>



Björg Dan Róbertsdóttir

Fædd:

14. apríl 1959

Félagssvæði:

Reykjavík og nágrenni

Vinnustaður og starf: Framkvæmdastjóri neytendavörusviðs Icepharma.

Menntun: MBA frá Háskóla Íslands 2009, Tannfræðingur frá Aarhus Tandlægehøgskole 1985, Stúdentspróf frá Menntaskólanum í Kópavogi 1979.

Reynsla af félagsstörfum: Er einn af stofnendum félags íslenskra tannfræðinga, sat í stjórn þess til ársins 1995 og þar af sem formaður í tvö ár.

Áherslur í framboði til stjórnar:

Sátt innan VR og jafnrétti allra félagsmanna.

A listi frambjóðendur til trúnaðarráðs

Vilma Ýr Árnadóttir

Rúmfatalagerinn ehf.
Reykjavík og nágrenni

Eðvald Geirsson

Danfoss hf.
Reykjavík og nágrenni

Sólveig Fanny Magnúsdóttir

Vífilfell hf.
Reykjavík og nágrenni

Þorsteinn B A Guðmundsson

Atvinnuleitandi
Reykjavík og nágrenni

Halla Guðrún Jónsdóttir

Borgun hf.
Reykjavík og nágrenni

Ingibjörg Kristjánsdóttir

Icelandair ehf.
Reykjavík og nágrenni

Óskar Guðmundsson

Samskip hf.
Reykjavík og nágrenni

Þorvaldur Haraldsson

Bláfugl ehf.
Reykjavík og nágrenni

Haukur Jónsson

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Vestmannaeyjar

Anna Þórðardóttir Bachmann

Parlogis ehf.
Reykjavík og nágrenni

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

A4 Skrifstofa og skóli ehf.
Reykjavík og nágrenni

Agnar Kristján Þorsteinsson

Tryggingamiðstöðin hf.
Reykjavík og nágrenni

Sveinbjörn F. Pétursson

Atvinnuleitandi
Reykjavík og nágrenni

Valgeir Ægir Ingólfsson

Höldur ehf.
Reykjavík og nágrenni

Þröstur Valgarðsson

Samskipti ehf.
Reykjavík og nágrenni

Kolbrún Una Einarsdóttir

ISS Ísland ehf.
Reykjavík og nágrenni

Pálmey Helga Gísladóttir

Lyfja hf.
Reykjavík og nágrenni

Alexander Þórsson

Þ.Þorgrímsson og Co ehf.
Reykjavík og nágrenni

Þórður Mar Sigurðsson

Samskipti ehf.
Reykjavík og nágrenni

Elenóra Áslaug Kristinsdóttir

Neskirkja
Reykjavík og nágrenni

Halldór Geir Jenson

Hátækni ehf.
Reykjavík og nágrenni

Halldór Halldórsson

Bókhald og Uppgjör ehf.
Reykjavík og nágrenni

Ragnar Borgþórsson

Hekla ehf.
Reykjavík og nágrenni

Sigurður Óli Sigurðarson

PricewaterhouseCoopers hf.
Reykjavík og nágrenni

Irina Sergejevna Ogurtsova

Actavis Group PTC ehf.
Reykjavík og nágrenni

Ragnar Engilbertsson

Olíuverslun Íslands hf.
Reykjavík og nágrenni

Eyrún Ingvaldsdóttir

Ölgerðin Egill Skallagrímss ehf.
Reykjavík og nágrenni

Snjólaug Einarsdóttir

Byko ehf.
Reykjavík og nágrenni

Ingibjörg Ólafsdóttir

Vátryggingafélag Íslands hf.
Reykjavík og nágrenni

Ingólfur Hafsteinsson

Brimborg ehf.
Reykjavík og nágrenni

Benóný Valur Jakobsson

Sjóklæðagerðin hf.
Reykjavík og nágrenni

Guðný Ásta Ragnarsdóttir

Bóksala stúdenta
Reykjavík og nágrenni

Heiðar Birnir Kristjánsson

Vátryggingafélag Íslands hf.
Reykjavík og nágrenni

Eygló Friðriksdóttir

Eskja hf.
Austurland

Valva Árnadóttir

Penninn á Íslandi ehf.
Reykjavík og nágrenni

Rannveig Sigurðardóttir

LAG-Lögmenn sf.
Reykjavík og nágrenni

Sigríður Dröfn Ámundadóttir

Actavis Group
Reykjavík og nágrenni

Ingibjörg Finnbogadóttir

Vinnslustöðin hf.
Vestmannaeyjar

Guðrún Jóna Valgeirsdóttir

IcePharma hf.
Reykjavík og nágrenni

Guðmundur J. Jónsson

Borgun hf.
Reykjavík og nágrenni

Pétur Gunnar Pétursson

Húsasmiðjan ehf.
Reykjavík og nágrenni

Kristín María Björnsdóttir

VR
Austurland

Ingibjörg R Guðmundsdóttir

VR
Reykjavík og nágrenni

Jón Hrafn Guðjónsson

Flügger ehf.
Reykjavík og nágrenni

Jóhann Pétur Jónsson

N1 hf.
Reykjavík og nágrenni

Guðbjörg Helga Magnúsdóttir

Icelandair ehf.
Reykjavík og nágrenni

Einar Jón Másson

Byko ehf.
Reykjavík og nágrenni

Unnur Elva Arnardóttir

Og fjarskipti ehf.
Reykjavík og nágrenni

Gunnar Heiðberg Gestsson

Húsasmiðjan ehf.
Austurland

Magnús Þorsteinsson

Íslandsspil sf.
Reykjavík og nágrenni

Eyrún Ingadóttir

Lögfræðingafélag Íslands
Reykjavík og nágrenni

Kjartan Reynir Hjaltason

Örninn hjól ehf.
Reykjavík og nágrenni

Sesselja Jónsdóttir

Penninn á Íslandi ehf.
Reykjavík og nágrenni

Tinna Mjöll Karlsdóttir

Actavis Group PTC ehf.
Reykjavík og nágrenni

María Jóna Hauksdóttir

Friðrik Skúlason ehf.
Reykjavík og nágrenni

Alan James Winrow

Steyrustöðin ehf.
Reykjavík og nágrenni

Sæmundur Karl Jóhannesson

N1 hf.
Reykjavík og nágrenni

Ágústa Harðardóttir

Johan Rönning hf.
Reykjavík og nágrenni

Arna Gunnur Ingólfsdóttir

Byko ehf.
Reykjavík og nágrenni

Svanhildur Skúladóttir

Nova ehf.
Reykjavík og nágrenni

Þorgerður Jóhannsdóttir

Samfylkingin
Reykjavík og nágrenni

Júlíana Pálsdóttir

Sameignarfélag Ölfusborga
Reykjavík og nágrenni

Sigurður Helgason

Primera Air ehf.
Reykjavík og nágrenni

Margrét Eiríksdóttir

Nóí-Sírius hf.
Reykjavík og nágrenni

Valur Magnús Valtýsson

Barki ehf.
Reykjavík og nágrenni

Inga Jóhannsdóttir

Húsasmiðjan ehf.
Reykjavík og nágrenni

Gísli Friðrik Ágústsson

Byko ehf.
Reykjavík og nágrenni

Guðmundur Aðalsteinsson

Bananar ehf.
Reykjavík og nágrenni

Guðrún Jóhannsdóttir

Vátryggingafélag Íslands hf.
Reykjavík og nágrenni

Arngrímur Friðrik Pálmason

Öyrki
Reykjavík og nágrenni

Sigurbjörg Þorlaksdóttir

Klíf ehf.
Reykjavík og nágrenni

Guðrún Indriðadóttir

Cabin ehf.
Reykjavík og nágrenni

Guðrún Erlingsdóttir

VR
Vestmannaeyjar

Helga Eglá Björnsdóttir

Icelandair ehf.
Reykjavík og nágrenni

Jóhann Bjarni Knúttsson

Guðmundur Arason ehf.
Reykjavík og nágrenni

Jóhann Gunnarsson

Penninn á Íslandi ehf.
Reykjavík og nágrenni

Þorsteinn Þorólfsson

Húsasmiðjan ehf.
Reykjavík og nágrenni

Þórarinn Thorarensen

Svalþúfa ehf.
Reykjavík og nágrenni

Páll Örn Lindal

N1 hf.
Reykjavík og nágrenni

Magnús Haukur Lárusson

N1 hf.
Reykjavík og nágrenni

Ólafur Hrafn Traustason

Þ.Þorgrímsson og Co ehf.
Reykjavík og nágrenni

Petrína Ragna Pétursdóttir

Kóbankinn ehf.
Reykjavík og nágrenni

L listi frambjóðendur til trúnaðarráðs

Anna María Þórðardóttir

Hagkaup
Reykjavík og nágrenni

Eva Hrund Willatzen

Vélfang ehf.
Reykjavík og nágrenni

Margrét Hauksdóttir

Banarar ehf.
Reykjavík og nágrenni

Guðmundur Jón Tómasson

Wurth á Íslandi ehf.
Reykjavík og nágrenni

Mogens Löve Markússon

Sportfitness ehf.
Reykjavík og nágrenni

Karl Óskar Óskarsson

Atvinnuleitandi
Reykjavík og nágrenni

Skarphéðinn K Erlingsson

Vélfang ehf.
Reykjavík og nágrenni

Sigurjón Ingi Gunnarsson

Tölvuvirkni ehf.
Reykjavík og nágrenni

Pétur Geir Óskarsson

Tölvuvirkni ehf.
Reykjavík og nágrenni

Vilhjálmur Daði Marínsson

Tölvuvirkni ehf.
Reykjavík og nágrenni

Árni Vigfús Magnússon

Tölvuvirkni ehf.
Reykjavík og nágrenni

Hildur Guðbjörnsdóttir

Bílaumboðið Askja ehf.
Reykjavík og nágrenni

Páll Halldór Halldórsson

Bílaumboðið Askja ehf.
Reykjavík og nágrenni

Elmar Þór Diego Þorkelsson

Radix ehf.
Reykjavík og nágrenni

Jón Gylfi Woodard

Radix ehf.
Reykjavík og nágrenni

Birna Stefánsdóttir

Borgun hf.
Reykjavík og nágrenni

Snorri Þorvaldsson

K.Þorsteinsson og Co ehf.
Reykjavík og nágrenni

Eyjólfur Reynisson

K.Þorsteinsson og Co ehf.
Reykjavík og nágrenni

Jóhann Berg Sigurðsson

Atvinnuleitandi
Reykjavík og nágrenni

Magnús Ómarsson

Vélfang ehf.
Reykjavík og nágrenni

Selma Rut Magnúsdóttir

Penninn á Íslandi ehf.
Reykjavík og nágrenni

Ólafur Þórður Kristjánsson

Steypastöðin ehf.
Reykjavík og nágrenni

Arnar Þór Hafþórsson

Jóhann Ólafsson & Co ehf.
Reykjavík og nágrenni

Hildur Camilla Guðmundsdóttir

Þekking - Tristan hf.
Reykjavík og nágrenni

Stanko Dorovic

Vídd ehf.
Reykjavík og nágrenni

Sigurður Sigurðsson

Hekla ehf.
Reykjavík og nágrenni

Jón Stefán Scheving

Búr ehf.
Reykjavík og nágrenni

Ólafur Kristjánsson

Hekla ehf.
Reykjavík og nágrenni

Guðrún Birna Jörgensen

Microsoft Ísland ehf.
Reykjavík og nágrenni

Guðjón Grétar Danielsson

Intrum á Íslandi ehf.
Reykjavík og nágrenni

Róbert Heimir Halldórsson

Wurth á Íslandi ehf.
Reykjavík og nágrenni

Bragi Valur Egilsson

Wurth á Íslandi ehf.
Reykjavík og nágrenni

Jóhann Rúnar Guðbjarnason

Wurth á Íslandi ehf.
Reykjavík og nágrenni

Birkir Már Árnason

Atvinnuleitandi
Reykjavík og nágrenni

Magnús Þór Scheving

Creditinfo Lánstraust hf.
Reykjavík og nágrenni

Kolbrún Arna Sigurðardóttir

Dýralæknamiðstöðin Grafarho ehf.
Reykjavík og nágrenni

Arndís Pálsdóttir

Hýsing-vöruhótel
Reykjavík og nágrenni

Hilda Elisabeth Guttormsdóttir

Actavis Group PTC ehf.
Reykjavík og nágrenni

Albert I. Steingrímsson

Dýrheimar sf.
Reykjavík og nágrenni

Jón Helgi Guðnason

Intrum á Íslandi ehf.
Reykjavík og nágrenni

Sveinn Ingi Ragnarsson

Intrum á Íslandi ehf.
Reykjavík og nágrenni

Axel Karlsson

B.G.þjónustan ehf.
Reykjavík og nágrenni

Logi L. Hilmarsson

Laugaveitingar ehf.
Reykjavík og nágrenni

Kristín Böðvarsdóttir

Sjúkrþjálfunin Heil & Sæl ehf.
Reykjavík og nágrenni

Kristín B. Sigurjónsdóttir

Bílabúð Benna ehf.
Reykjavík og nágrenni

Stefán Þór Jónsson

Bílabúð Benna ehf.
Reykjavík og nágrenni

Hörður Guðjónsson

Brimborg ehf.
Reykjavík og nágrenni

Einar Guðmundsson

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
Reykjavík og nágrenni

Ingimundur Sveinn Pétursson

Tengi ehf.
Reykjavík og nágrenni

Ingólfur Þ. Jónsson

Búr ehf.
Reykjavík og nágrenni

Ingi Júlíus Ingvason

Skeljungur hf.
Reykjavík og nágrenni

Gunnlaugur Örn Valsson

Sælkeradreifing ehf.
Reykjavík og nágrenni

Ásta G. Hafberg Sigmundsdóttir

Markaðsstofa Austurlands
Reykjavík og nágrenni

Gunnar Snævarr Jónsson

Seglagerðin Ægir ehf.
Reykjavík og nágrenni

Þórhallur Óskarsson

Stjórnumlíkk ehf.
Reykjavík og nágrenni

Pétur Júlíus Halldórsson

Stilling hf.
Reykjavík og nágrenni

Bergsveinn Ariliusson

Ölgerðin Egill Skallagrímss ehf.
Reykjavík og nágrenni

Jóna Fanney Kristjánsdóttir

Atvinnuleitandi
Reykjavík og nágrenni

Kristinn Samúel Kjartansson

AMG Aukaraf ehf.
Reykjavík og nágrenni

Rún Rúnarsdóttir

A. Karlsson ehf.
Reykjavík og nágrenni

Einar Ágústsson

M. Kristinsson ehf.
Reykjavík og nágrenni

Ívar Þór Sigþórsson

Ingvar Helgason ehf.
Reykjavík og nágrenni

Sigurður Ófeigsson

Ingvar Helgason ehf.
Reykjavík og nágrenni

Bára Jónsdóttir

Kvos hf.
Reykjavík og nágrenni

Hafsteinn Ægir Geirsson

Örninn Hjól ehf.
Reykjavík og nágrenni

Sveinn Anton Ólafsson

Eykt ehf.
Reykjavík og nágrenni

Grímur Kristján Gunnarsson

Bunustokkur ehf.
Reykjavík og nágrenni

Ævar Örn Breiðfjörð

Húsasmiðjan ehf.
Reykjavík og nágrenni

Sölveig Ólöf Gunnarsdóttir

Eimskip Ísland ehf.
Reykjavík og nágrenni

Bjarki Þór Sigurðsson

Húsasmiðjan ehf.
Reykjavík og nágrenni

Daníel Freyr Albertsson

Hagkaup
Reykjavík og nágrenni

Jón Þór Skaftason

Örninn Hjól ehf.
Reykjavík og nágrenni

Sædis Alda Búadóttir

365 - miðlar ehf.
Reykjavík og nágrenni

Hugrún Bjarnadóttir

Lyf og heilsa hf.
Reykjavík og nágrenni

Kolbrún Magnúsdóttir

Maritech ehf.
Reykjavík og nágrenni

Alfreð Karl Alfreðsson

Mót og kranar ehf.
Reykjavík og nágrenni

Kristbjörg Jónasdóttir

Alcoa Fjarðaál sf.
Austurland

Anna Björk Hjaltadóttir

Alcoa Fjarðaál sf.
Austurland

Guðbjörg Björnsdóttir

Rafholt Austurlandi ehf.
Austurland

Bjarni Geir Gunnarsson

Atvinnuleitandi
Reykjavík og nágrenni

Aðalheiður Björk Gylfadóttir

Amadeus Ísland ehf.
Reykjavík og nágrenni

Guðmundur Steinsson

365 - miðlar ehf.
Reykjavík og nágrenni



Gyða Margrét Pétursdóttir, Aðjúnkt við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands

Stórir líkamar, litlir vængir – hvernig geta þær flogið?

Vinummenning, kynjatengsl og fjölskylduábyrgð.

Fyrirsögnin lýsir býflugum og vísar um leið til stöðu íslenskra foreldra, mæðra sérstaklega. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofum Íslands og Noregs frá árinu 2006 vinna íslenskar konur 36 stundir á viku sem er sambærilegt vinnustundum norskra karla sem vinna að meðaltali 37 stundir á viku á meðan íslenskir karlar vinna í kringum 47 stundir á viku. Á sama tíma er fæðingartíðni á Íslandi með því mesta sem gerist í Evrópu. Margar íslenskar konur eiga tvö eða fleiri börn. Því er ástæða til að skoða stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði og samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu: Hvernig fara þau að þessu?

Í aðskildum heimum - meira gaman saman

Íslenskur vinnumarkaður er mjög kynskiptur sem þýðir að karlar og konur sinna ólíkum störfum og starfa því oft lítið saman. Konur eru oftast en karlar í störfum sem njóta minni samfélagslegrar virðingar og gefa minna í aðra hönd. Karlar eru mun oftast en konur í æðstu stöðum innan fyrirtækja jafnvel þótt meirihluti starfsfólks séu konur. Vísbendingar eru um að körlum líði betur á blönduðum vinnustöðum og þeim líði best þar sem hefðbundin verkaskipting ríkir, þ.e. þar sem karlar eru hærra í stigveldinu en konur. Karlar telja það bæta starfsandann að hafa hlutföll karla og kvenna sem jöfnust og konur nefna einnig að þeim þyki betra að starfa í blönduðum hópi. Þær segja að þá komi fram fleiri sjónarmið, ekki af því að karlar og konur séu ólík frá náttúrunnar hendi, heldur vegna þess að félagsmótun þeirra hefur verið með mismunandi hætti og þess vegna koma þau með ólíka sýn inn á vinnustaðinn og að sjálfsgöðu einnig sem einstaklingar. Konur nefna að þeim þyki auðveldara að taka af skarið í blönduðum hópi enda sé starfsandinn

og vinnumenningin einfaldlega betri þegar karlar og konur starfa saman. Auk þess skila blönduð fyrirtæki meiri arði. Margvísleg rök eru því fyrir því að karlar og konur sinni sambærilegum störfum innan sömu vinnustaða. Staðan er þó önnur.

Skreppur skýst til að skutla og redda - sækir tilverurétt sinn í vinnuna

Karlar hafa oftast meiri sveigjanleika í starfi en konur, vegna eðli starfa sinna, og ættu þar af leiðandi að hafa meiri möguleika en konur á að samræma fjölskyldulíf og atvinnu. Á móti kemur að sú hugsun er mjög rík að það sé hlutverk karla að vinna langan vinnudag og vera sem mest á staðnum, þeir virðast sækja tilverurétt sinn í vinnuna. Konur bera ábyrgð á umönnun barna en eru mun oftast í störfum sem bjóða upp á minni sveigjanleika og krefjast meiri viðveru. Fjölskylduvænleikinn eða sveigjanleikinn sem í boði er, er oft háður vissum skilyrðum, orðuðum eða óorðuðum. Fyrir þær sem vinna samkvæmt þéttbókaðri dagskrá sem ákveðin er fram í tímann er oft erfitt að samræma fjölskyldulíf og atvinnu. Kvenkyns sérfræðingur sagði til að mynda að: „Það er alveg skilningur fyrir því að maður fari í foreldraviðtöl hérna, ef maður skipuleggur það bara sjálfur.“ Hún taldi sig þannig njóta skilnings og sveigjanleika en bar engu að síður ábyrgð á að geta sinnt skólagöngu barna sinna innan hinnar þéttbókuðu dagskrár sem oft þýddi að hún gat ekki mætt á atburði innan skólans sem skipulagðir voru með stuttum fyrirvara. Úrræði til samræmingar fjölskyldulífs og atvinnu eru ekki miðuð við þá einstaklinga sem að sinna störfum sem krefjast viðveru og njóta lítils sjálfræðis vegna eðli starfsins. Þannig er munur á kynjum þegar kemur að



sveigjanleika í starfi. Karlar nefna oft að geta „skroppið“, „skotist“, „reddað“ og „skutlað“ í vinnutímanum enda virðast þeir hafa meira sjálfræði í starfi en konur.

Pollýanna stendur í ströngu

Þrátt fyrir sterk tengsl karla við vinnuna taka þeir nú orðið meiri þátt í umönnun barna og umsjón heimilis, láta til sín taka á seinni vaktinni eins og það er kallað í fræðunum. Það er sú vinna sem fram fer á heimilinu að loknum vinnudegi og viðkemur umönnun barna. Seinni vaktin er því ekki lengur alfarið í höndum kvenna, þó konur sinni enn meirihluta þeirra verka og beri heildarábyrgð á umönnun barna og umsjón heimilis, það sem kallað er þriðja vaktin í fræðunum. Konur skipuleggja og halda utan um heimilið, eru þar með alltaf á vaktinni. Sú staðreynd endurspeglast þegar þær ræða samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu. Konur draga frekar í og úr spurðar út í samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu, í stað þess að nefna ákveðin dæmi eins og að geta „skotist“. Konur segja til að mynda að það gangi nú alveg ágætlega EN það megi ekkert út af bera. Það gangi nú bærillega af því að börnin eru nú ekki svo lítil lengur og vísa um leið til samstarfskonu: Þetta gangi nú bara ágætlega hjá þeim sjálfum en ekki vildu þær vera í sporum Jónu sem á mun yngra barn, barn á leikskóla eða barn í yngstu bekkjum grunnskólans. Barn á leikskólaaldri, eða í yngstu bekkjum grunnskólans er því viðmiðið sem konur máta sig við og finnst aðstæður sínar bara alveg hreint ágætari af því barnið er ekki lengur á þeim kítíska aldri. Eins var nefnt að þetta gengi nú alveg ágætlega af því viðkomandi væri ekki einstæð móðir og ætti foreldra á lífi – ákveðið öfgaviðið. Eins og Pollýanna sem fann

alltaf eitthvað jákvætt í aðstæðum sínum, þótt aðstæðurnar væru ekkert til að hrópa húrri fyrir. Mæðurnar virðast því vera í hlutverki Pollýönnu, samræma með því að benda á erfðar aðstæður annarra mæðra og finnst þær því sjálfar í ansi góðum málum þó raunin sé önnur. Aðferð mæðranna bendir til þess að lítið sé um raunverulega möguleika á samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu. Þær beita þessari aðferð af því annað býðst ekki í aðstæðum þeirra.

Það er því reginmunur á því hvernig kynin tjá sig um samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu sem bendir til þess að aðstæður þeirra í vinnu og á heimili séu ólíkar. Konur njóta ekki sama frjálssræðis eða sjálfræðis í vinnu eins og karlar og bera meginábyrgð á umönnun barna og umsjón heimilis. Verksvið þeirra er stórt, úrræðin fá - stórir líkamar, litlir vængir.

Greinin byggir á doktorsritgerð Gyðu Margrétar Pétursdóttur Within the Aura of Gender Equality: Icelandic work cultures, gender relations and family responsibility. A holistic approach. Tekin voru eigindleg viðtöl við 24 konur og 24 karla sem starfa á þremur ólíkum sviðum á vinnumarkaði, á einkamarkaði og í opinbera geiranum.

Samsetning VR


Konur í VR hafa svo lengi sem elstu menn muna verið fleiri en karlar.




Það er alltaf áhugavert að skoða reglulega hvernig félagið er samsett og hvernig það þróast með þjóðfélaginu. Hér fyrir neðan má sjá aldursdreifingu félagsmanna, atvinnulausra og öryrkja, dreifingu eftir aldri og kyni, fjölda erlendra félagsmanna og launadreifingu félagsmanna.

Aldursdreifing félagsmanna, atvinnulausra og öryrkja

Atvinnuleysi meðal VR félaga hefur að undanförmu verið á bilinu 9 - 10%. Dreifing atvinnulausra eftir aldri endurspeglar að mestu leyti aldursdreifingu félagsmanna, þ.e. stærstu aldurshóparnir í félaginu eru með flesta atvinnulausa. Yngsti aldurshópurinn sker sig þó úr að því leyti að þar er atvinnuleysi mjög lítið. Skýrist það líklega af því að þessi hópur sækist eftir hlutastarfi með námi og skráir sig ekki atvinnulausan jafnvel þótt störf bjóðist ekki í einhvern tíma.




Öryrkjar geta sjálfir valið hvort þeir greiði félagsgjald til VR. Af þeim öryrkjum sem valið hafa að greiða félagsgjald til VR má sjá að örorka eykst með aldri. Athuganir á dreifingu öryrkja á Íslandi hafa hins vegar bent til þess að örorka hafi færst nokkuð niður á lægri aldurshópa.




Dreifing félagsmanna eftir aldri og kyni

Konur í VR hafa svo lengi sem elstu menn muna verið fleiri en karlar. Skiptingin í október 2009 er 60% konur og 40% karlar. Á súluritinu sést að minnsti munur á fjölda karla og kvenna er í aldurshópnum frá 26 - 40 ára.




Erlendir félagsmenn

Félagsmönnum í VR með erlent ríkisfang hefur fækkað um rúm 16% frá október 2008 til október 2009. Pólverjar hafa verið fjölmennastir erlendra ríkisborgara í VR en þeim hefur fækkað um 22% á þessu tímabili.



Launadreifing félagsmanna

Samkvæmt félagsgjöldum sem berast til VR þá má ætla að 90% félagsmanna hafa innan við 500.000 kr. í heildarlaun á mánuði. Félagið fær hins vegar ekki upplýsingar um hvaða starfshlutfall liggur að baki og því er ekki unnt að ákvarða út frá félagsgjöldunum raunveruleg laun fyrir 100% starf. Þannig gæti félagsmaður sem skilar félagsgjöldum af 100 þús. króna launum verið í 30% starfi. Þetta gerir okkur erfitt með að ákvarða launakjör félagsmanna VR út frá innborguðum félagsgjöldum.



Þegar skoðuð er launadreifing eftir kyni þá kemur í ljós að konur eru nokkuð áberandi fleiri í tveimur lægstu launahópunum. Er það bæði vegna þess að konur eru fleiri (60% á móti 40% karla) en einnig virðast þær frekar sækja í hlutastörf fremur en karlar. Til þess að komast betur að kjörum félagsmanna í VR þá stendur félagið árlega fyrir launakönnun á meðal þeirra. Sú könnun er mikilvæg fyrir kjarabaráttu félagsins. Mikilvægt er að sem allra flestir taki þátt í könnuninni og skili inn upplýsingum til þess að hún gefið sem allra besta mynd. Þannig geta félagsmenn nýtt sér niðurstöðurnar í sinniaráttu, m.a. í árlegu launaviðtali sem allir félagsmenn í VR eiga rétt á samkvæmt kjarasamningi.



Orlofshús

Bókað á netinu

Fleiri hús til bóknar eftir páska.

Eins og kynnt hefur verið undanfarin ár hafa reglur í útleigu orlofshúsa VR breyst í átt til aukins sveigjanleika. Strax upp úr áramótum voru félagsmenn farnir að hugsa til sumarsins og eru greinilega nú þegar margir búnir að skipuleggja sumarfríð sitt. Mikið hefur verið bókað fyrir sumarið undanfarnar vikur, en enn er þó hægt að finna laus hús í byrjun júní og eftir miðjan ágúst.

Athugið að fleiri hús bætast við í bókunarkerfið fljótlega eftir páska, líklega um miðjan apríl. Það eru húsín í Hrísey, á Súðavík, Blönduósi, Ólafsfirði, við Meðalfellsvatn, í Vaðlaheiði og á Illugastöðum sem verður í boði hluta úr sumri. Auk þess koma tjaldvagnarnir inn á sama tíma.

Hægt er að bóka á vefnum www.vr.is, í síma 510 1700 og á skrifstofunni.

Á nokkrum stöðum er eingöngu hægt að bóka frá föstudegi til föstudags. Önnur hús er hægt að bóka að lágmarki 2 daga og hámarki 10 daga í senn, en að öðru leyti er fólki frjálst að velja þann tíma sem það vill dvelja í orlofshúsunum. Helgarnar verða leigðar í heilu lagi, frá föstudegi og fram á sunnudag. Fyrirkomulag verður það sama og sl. vor, þ.e. fyrstur pantar fyrstur fær. Athugið að ný vika dettur inn á

hverjum miðvikudegi. Komu- og brottfarartími í húsinn er inn kl. 17 og út kl. 12 á hádegi, nema sunnudaga þá má skila húsunum kl. 19.

Húsunum verður því ekki úthlutað, þ.e. ekki þarf lengur að sækja um á sérstöku eyðublaði og biða svo í nokkrar vikur eftir niðurstöðu. Þetta kerfi hefur mælst vel fyrir. Það auðveldar félagsmönnum að velja tíma sem þeim hentar. Staðfesting liggur fyrir nokkrum mínútum eftir bókun og því er auðvelt að skipuleggja fríð með góðum fyrirvara. Hús sem bókað er á vefnum þarf að greiða með kreditkort.

Þau hús sem eru í boði verða kynnt hér á næstu blaðsíðum. Einnig verður hægt að bóka tjaldvagnana í apríl. Þess má loks geta að hefðbundið sumartímabil nær frá 4. júní til 27. ágúst.

*Nánari upplýsingar um húsinn er að finna á www.vr.is og í **þjónustuveri VR** í síma 510 1700.*

Veiðikort og útilegukort

Veiði- og útilegukort verða í boði fyrir félagsmenn VR á góðu verði.

Útilegukortið kostar 6.900 kr.

Veiðikortið kostar 3.500 kr.

Sjá nánar: www.utilegukortid.is www.veidikortid.is

Til að fá kort

Félagsmaður getur keypt kort á netinu eða komið á skrifstofu VR eða hafa samband við skrifstofuna til að kaupa kort. Kortin verða í boði **frá miðjum apríl**. Upplagið er takmarkað og því gildir reglan „fyrstur kemur, fyrstur fær“.



Gæludýrin með

Frá og með 1. júní nk. geta félagsmenn tekið gæludýrin með í bústað nr. 29 á Flúðum. Þetta er gert til reynslu í eitt ár. Þetta á eflaust eftir að gleðja gæludýraeigendur sem hafa margir hverjir verið ósáttir við að þurfa að skilja dýrin sín eftir heima í fríinu. Gæludýr eru einnig velkomin í húsinn á Blönduósi.

[Til bóka eftir páska]



Tjaldvagnar

Tjaldvagna er hægt að bóka í viku eða hálfan mánuð, frá fimmtudegi til miðvikudags.

Vikuleigu er hægt að bóka og greiða fyrir á netinu en hálfsmánaðar leigu verður að bóka í síma þjónustuvæðis VR 510 1700 eða á skrifstofum félagsins. Þrjú vagnar verða til afhendingar á Egilsstöðum og 22 á höfuðborgarsvæðinu. Vagnarnir á Austurlandi eru einnig góður kostur fyrir sunnlendinga sem ætla austur fyrir og losna þá við að keyra með vagninn yfir hálf landið. Skila þarf vögnunum á sama stað og þeir eru afhentir.

Afhending vagnanna er að Háholti 23 í Mosfellsbæ á fimmtudögum á milli kl. 13:00 til 19:00 og skilað hreinum á sama stað á miðvikudögum milli kl. 10:00 til 16:00. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvar vagnarnir verða afhentir á Egilsstöðum. Vögnunum má skila á mánudegi á milli kl. 10:00 og 16:00, ef látið er vita fyrirfram.

Vagnarnir eru af gerðinni Combi Camp, ætlaðir fyrir fjóra. Þeir eru leigðir út með fylgihlutum, þ.e. varadekki, dýnum, felliborði, fjórum stólum, gaseldunartæki fyrir 2 potta, hitaofni og gaskút. Fortjald og hælur fylgja ekki. Athugið að félagsmenn þurfa sjálfir að fylla á kútana. Gott er að hafa með sér auk matar og hlífðarfatnaðar; spil, borðtusku og viskastykki, næg teppi, lítinn kúst, vasaljós, alla potta og pönnur og borðbúnað.

Verð sumarið 2010

6 dagar	kr. 18.500
13 dagar	kr. 29.000



Stykkishólmur

VR leigir í Stykkishólmi þrjár íbúðir í raðhúsi að Laufásvegi 35, 37 og 41. Íbúðirnar eru á tveimur hæðum.

Stykkishólmur er á norðanverðu Snæfellsnesi. Þangað eru um 170 km frá Reykjavík eða 2-3 klst. akstur. Ýmislegt er hægt að gera sér til dægrastyttingar í Stykkishólmi, vinsælt er t.d. að ganga út á höfðann á hafnarsvæðinu, einnig er hægt að ganga á fjöru út í Landey. Sundlaug og golfvöllur er á staðnum. Byggðasafn Snæfellinga er til húsa í elsta húsi bæjarins, Norska húsinu. Þá bjóða Eyjaferðir upp á siglingu um Breiðafjörðinn og Ferjan Baldur siglir út í Flatey.

Verð

Vetur

1/1-4/6 og 27/8- 1/9

Sólarhringur 2.600 **Helgi** 15.500

Sumar

4/6-2/7 og 6/8-27/8

Sólarhringur 2.800 **Helgi** 17.000

2/7-6/8

Sólarhringur 3.200 **Helgi** 19.300

Fjöldi íbúða	3
Stærð í fm	60
Heitur pottur	Já
Svefnherb	3
Svefnloft	nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	8

[Til bóknar eftir páska]



Súðavík

VR leigir einbýlishús við Túngötu 16 á Súðavík. Eingöngu er um vikuleigur að ræða í sumar, frá föstudegi til föstudags.

Súðavík er um 200 manna sjávarþorp í um hálf tíma akstur frá Ísafirði. Náttúruunnendur geta valið úr fjölmörgum gönguleiðum, farið í fjöruferð, fuglaskoðun eða veitt víða í hreppnum. Einnig er hægt að skreppa í sjóstangaveiði.

[Til bóknar eftir páska]



Hrísey

Jónatanshús – fallett útsýni yfir höfnina. Eingöngu er um vikuleigur að ræða í sumar, frá föstudegi til föstudags.

Hríseyjarferja fer frá Árskógssandi á klukkutíma fresti frá kl 9:30 til 23:30 yfir sumartímann út í Hrísey. Náttúrufergurð og fuglalíf er mikið og merktar gönguféðir fyrir þá sem vilja skoða sig um. Hákarlasafn er á eyjunni, hægt er að fara á sjóstöng og leika golf. Á staðnum er einnig sundlaug, pósthús, banki, veitingahús og verlsun. Athugið að alls ekki er nauðsynlegt að hafa bílinn með út í Hrísey og algjörlega er bannað að fara með hunda og ketti út í eyjuna.

[Til bóknar eftir páska]



Blönduós

VR hefur tekið á leigu ný orlofshús á Blönduósi. Eingöngu er um vikuleigur að ræða í sumar, frá föstudegi til föstudags.

Húsin eru staðsett í jaðrinum á tjaldstæðinu með fallett útsýni yfir ána. Góð þjónusta er við ferðamenn og ágætir möguleikar í afþreyingu á Blönduósi og nágrenni. Um Blönduós rennur ein af bestu veiðiam landsins og eru aðrar fengsælar veiðiár í næsta nágrenni. Á Blönduósi er hestaleiga, sela- og fuglaskoðunarferðir, kaffihús, grill- og pizzustaðir ásamt allri almennri verlsun og þjónustu. Þar er Heimilisíðnaðarsafn sem er hið eina sinnar tegundar á landinu.

Verð

Sumar

4/6-2/7 og 6/8-27/8

Vika 25.700 kr.

2/7-6/8

Vika 29.000 kr.

Fjöldi húsa	1
Stærð í fm	120
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

Verð

Sumar

4/6-2/7 og 6/8-27/8

Vika 31.000 kr.

2/7-16/7 og 23/7-6/8

Vika 35.300 kr.

Fjöldi húsa	1
Stærð í fm	70
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	8-10
Sængur og koddar	10
Borðbúnaður	10

Verð

Sumar

4/6-2/7 og 6/8-27/8

Vika 31.000 kr.


2/7-6/8

Vika 35.300 kr.

Fjöldi húsa	2
Stærð í fm	55
Heitur pottur	Já
Svefnherb	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6 (4+2 í stofu)
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	6

Í þessum húsum eru gæludýr leyfð.

[Til bókar eftir páska]



Ólafsfjörður

Nýtt glæsilegt orlofshús við Þverá í Ólafsfirði. Eingöngu er um vikuleigur að ræða í sumar, frá föstudegi til föstudags.

Golfvöllur og sundlaug eru í Ólafsfirði, bleikjuveiði í Ólafsfjarðará og gott svæði fyrir fjórhjólaáhugamenn. Hægt er að fá leigðan bát til veiða í firðinum. Margar merktar gönguleiðir eru á eða við svæðið þar sem nefna Tröllaskaga, Héðinsfjörð, gönguleið um Ólafsfjarðarskarð inn til Fljóta og ýmsar leiðir yfir í Svarfaðardal. Fjöldi uppákoma er bæði á Dalvík og Siglufirði og má þar nefna Fiskidaginn mikla á Dalvík og Síldarævintýrið á Siglufirði.

Verð

Sumar

4/6-2/7 og 6/8-27/8

Vika 31.000 kr.

2/7-6/8

Vika 35.300 kr.

Fjöldi húsa	1
Stærð í fm	98
Heitur pottur	Já
Svefnherb	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	6

[Til bókar eftir páska]



Meðalfellsvatn

VR leigir glæsilegt orlofshús við Meðalfellsveg 12A. Eingöngu er um vikuleigur að ræða í sumar, frá föstudegi til föstudags.

Um 50 km. akstur er frá Reykjavík. Vatnið er um 2 km² að stærð og um 18 m. djúpt þar sem það er dýpst. Vatnið stendur í 46 metra hæð yfir sjávarmáli. Í vatnið renna Sandsá og Flekkudalsá en úr því fellur Bugða sem rennur í Laxá í Kjós. Lax og sjóbirtingur gengur úr Laxá í gegnum Bugðu og í vatnið. Heimilt er að veiða í öllu vatninu. Bannað er þó að veiða nær ósum en 50 metra. Hægt er að kaupa dagleyfi og Veiðikortið á bænum Grjóteyri.

Verð

Sumar

4/6-2/7 og 6/8-27/8

Vika 31.000 kr.

2/7-6/8

Vika 35.300 kr.

Fjöldi íbúða	1
Stærð í fm	90
Heitur pottur	Já
Svefnherb	3
Svefnloft	nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	6

[Til bókar eftir páska]



Illugastaðir

Nýlegt orlofshús á Illugastöðum í Fnjóskadal. Eingöngu er um vikuleigur að ræða í sumar, frá föstudegi til föstudags.

Illugastaðir, er fornt höfuðból og kirkjustaður um 50 km austan við Akureyri. Á svæðinu er verslun sem starfrækt er á sumrin og sundlaug með heitum pottum og gufubaði. Þar er einnig minigolf fyrir börnin. Hægt er að veiða efst í Fnjóská og eru veiðileyfi seld á staðnum. Um 40 mínútna akstur er til Húsavíkur, en þar er t.d. hægt að skoða náttúrugripasafnið og fara í hvalaskoðun.

Verð

Sumar

25/6-2/7 og 6/8-27/8

Vika 31.000 kr.

2/7-6/8

Vika 35.300 kr.

Fjöldi húsa	1
Stærð í fm	48
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	8
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8



Miðhúsaskógur

Í Miðhúsaskógi í Biskupstungum á félagið alls tuttugu hús.

Miðhúsaskógur er í kjarri vöxnu umhverfi, um 20 km. frá Laugarvatni. Sandkassi er við hvert hús og fjórir leikvellir með rólum, rennibraut og vegasalti. Sparkvöllur er á svæðinu, minigolf og körfuboltavellir við botnlanga 2 og 4. Sundlaugar í nágrenninu eru við Úthlíð, á Reykjum og á Laugarvatni. Í Miðhúsaskógi eru margar fallegar gönguleiðir.



Flúðir

Orlofshús VR að Flúðum eru í Ásabyggð, hús nr. 29, 30 og 30A.

Flúðir er þéttbýliskjarni í Hrunamannahreppi á Suðurlandi. Þar er í boði öll hugsanleg þjónusta eins og verslanir, veitingasala, golfvöllur og sundlaug með heitum potti og náttúrulegu gufubaði. Á flöt fyrir neðan hús VR eru leiktæki og sparkvöllur fyrir börn. Stutt er að Gullfossi og Geysi. Gönguleiðir eru margar í nágrenni Flúða, til dæmis á Miðfell og Högnastaðaás. Í húsi nr. 29 eru gæludýr leyfð.



Húsafell

VR á þrjú hús í Húsafelli í fögru umhverfi Borgarfjarðar.

Skammt frá húsi Ferðapjónustunnar er fótbolta-völlur og leiktæki eru á tjaldstæðinu. Golfvöllur og minigolf er skammt hjá sundlauginni. Snjó-sleðaferðir upp á Langjökul er vinsælar meðal orlofshúsagesta í Húsafelli en Langjökull hf. rekur snjó-sleðaleigu á sumrin og býður upp á ferðir á jökulinn. Ekki er langt að fara í hellana Víðgelmi og Surtshelli og Hraunfossar og Barnafossar eru sannkölluð augnayndi.

Verð

Vetur

1/1-4/6 og 27/8- 31/12

Sólarhringur 2.600 **Helgi** 15.500

Sumar

4/6-2/7 og 6/8-27/8

Sólarhringur 2.800 **Helgi** 17.000

2/7-6/8

Sólarhringur 3.200 **Helgi** 19.300

Fjöldi húsa 20

Stærð í fm 56

Heitur pottur já

Svefnherbergi 3

Svefnloft Nei

Svefnpláss 7

Sængur og koddar 8

Borðbúnaður 8

Verð

Vetur

1/1-4/6 og 27/8- 31/12

Sólarhringur 2.600 **Helgi** 15.500

Sumar

4/6-2/7 og 6/8-27/8

Sólarhringur 2.800 **Helgi** 17.000

2/7-6/8

Sólarhringur 3.200 **Helgi** 19.300

Fjöldi húsa 3

Stærð í fm 54

Heitur pottur já

Svefnherb 3

Svefnloft Nei

Svefnpláss 7

Sængur og koddar 8

Borðbúnaður 8

Verð

Vetur

1/1-4/6 og 27/8- 31/12

Sólarhringur 2.600 **Helgi** 15.500

Sumar

4/6-2/7 og 6/8-27/8

Sólarhringur 2.800 **Helgi** 17.000

2/7-6/8

Sólarhringur 3.200 **Helgi** 19.300

Fjöldi húsa 3

Stærð í fm 60

Heitur pottur Já

Svefnherbergi 3

Svefnloft Nei

Svefnpláss 8

Sængur og koddar 8

Borðbúnaður 8

[Til bókanar eftir páska]



[Til bókanar eftir páska]



Einarsstaðir

VR hefur sex hús að Einarsstöðum. Rekstrarfélagið á staðnum sér um húsin á veturna og er þá pantað hjá þeim.

Einarsstaðir eru 11 km frá Egilsstöðum. Rólur, sandkassi og rennibrautir eru á svæðinu. Á Einarsstöðum er mikil náttúruvegurð og merktar gönguleiðir um svæðið. Á Egilsstöðum eru veitingahús, sundlaug, hestaleiga, golfvöllur og vatnasleðaleiga. Stutt er í Hallormsstaðaskóg og að Lagarfljóti en þar er að finna sundlaug.

Ölfusborgir

VR á eitt hús í Ölfusborgum. Á veturna er húsið leigt út af rekstrarfélaginu á staðnum og þá er pantað hjá þeim.

Frá Hveragerði er fljótfarið til margra merkustu ferðamannastaða Suðurlands, má þar nefna Gullfoss, Geysi, Skálholt og Þingvelli. Umhverfis Hveragerði er ósnortin náttúra, góðar gönguleiðir og sannkölluð paradís fyrir útivistarfólk. Við Ölfusborgir er sparkvöllur, rólur og rennibrautir fyrir börn. Í Hveragerði er t.d. sundlaug með vatnsrennibraut, blómaverslanir, gróðurhús og margt fleira. Stutt er í hestaleigu og veiði.

Akureyri

Orlofsíbúðir VR eru að Furulundi 10, merktar A, B, C, G og K. Einnig er ein íbúð í boði við Furulund 8B sem er ódýrari kostur.

Á Akureyri er margt að skoða. Má þar nefna hús skáldanna; Nonnahús, Sigurhæðir og Davíðshús. Lystigarðurinn við hliðina á Menntaskólanum er fallegur viðkomustaður á gönguferð um bæinn og í Kjarnaskógi rétt innan við bæinn er stórt útivistarsvæði með leiktækjum og útgirlli fyrir almenning.

Verð	
Vetur	
15/5-4/6 og 27/8-15/9	
Sólarhringur 2.300	Helgi 12.000
Sumar	
4/6-2/7 og 6/8-27/8	
Sólarhringur 2.500	Helgi 13.200
2/7-6/8	
Sólarhringur 2.800	Helgi 15.000
Fjöldi húsa	6
Stærð í fm	45
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

Verð	
Sumar	
15/5- 4/6 og 27/8-10/9	
Sólarhringur 2.600	Helgi 15.500
4/6-25/6	
Sólarhringur 2.800	Helgi 17.000
Fjöldi húsa	1
Stærð í fm	35
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

Verð			
Vetur			
1/1-4/6 og 27/8- 31/12			
Sólarhringur 2.300	Helgi 12.000		
Sumar			
4/6-2/7 og 6/8-27/8			
Sólarhringur 2.500	Helgi 13.200		
2/7-6/8			
Sólarhringur 2.800	Helgi 15.000		
		F10	F8B
Fjöldi íbúða	5	5	1
Stærð í fm	54	54	54
Svefnherb	2	2	2
Svefnloft	Nei	Nei	Nei
Svefnpláss	7	7	4-5
Sængur og koddar	8	8	6
Borðbúnaður	8	8	6

Mikilvægt að fá hvatningu

Virk starfsendurhæfing – reynsla félagsmanna.



Heiða ráðgjafi var líftaugin mín

„Ég er loksins á leið aftur í vinnu, rúmu ári eftir að mér var sagt upp. Ég var alltaf ákveðin í að halda áfram að vinna, þótt ég eigi ekki mörg ár í eftirlaunin. Stéttarfélagið mitt, VR, hefur staðið eins og klettur við hliðina á mér allan tímann og Heiða Tómasdóttir, ráðgjafinn minn hjá sjúkrasjóði VR, hefur verið óþreypandi að leita lausna fyrir mig. Ég er viss um að ég hefði einangrast heima, ef ég hefði ekki komist aftur út á vinnumarkaðinn.“

Ragnheiður K. Karlsdóttir bókari starfaði hjá íþróttafélaginu Víkingi í 14 ár. „Mér líkaði ákaflega vel að starfa þar, en þegar ný stjórn tók við félaginu haustið 2008 breyttist allt. Þá fékk ég allt í einu símtal heim seint á föstudagssíðdegi og var tilkynnt að ég væri rekin. Engin skýring var gefin á þessu.“

Uppsögnin var Ragnheiði mikið áfall. „Ég upplifði mikla höfnun. Vissulega átti ég ekki mörg ár í eftirlaun, en ég var miður mín að vera látin fara eftir öll þessi ár og án nokkurra skýringa.“

Síðustu árin hjá Víkingi voru reyndar enginn dans á rósum, þótt ekki væri þar við vinnuveitandann að sakast. Ragnheiður greindist með psoriasis á höndum fyrir þremur árum, og læknar telja að hún sé einnig með pappírsofnæmi. Slíkt reynist bókara ekki auðvelt. En Ragnheiður vildi

sinna starfi sínu áfram og gerði það þótt hún væri sífellt þjökkuð af þurrki og blæðandi sprungum á höndum og yrði að vinna með bómullarhanska, til að reyna að draga úr áhrifum pappírsins. „Ónæmiskerfið í mér hrundi fyrir þremur árum og læknar telja líklegast að það hafi gerst vegna álags. Maðurinn minn greindist þá með alsheimerzsjúkdóminn, litlu áður hafði komið í ljós að dóttir mín væri haldin ólæknandi sjúkdómi. Systir mín þurfti að fara til Pittsburg í aðgerð og ég fór með henni, á sama tíma og við vorum að skipta um húsnæði, og þeir gjörningar gengu ekki alveg slétt og fellt fyrir sig. Ég varð að stýra því gegnum síma frá Pittsburg, því dvölin þar lengdist. Nokkru seinna dó svo besta vinkona mín.“

Ragnheiður reyndi öll lyf sem hugsanlega gátu hjálpað, en þegar hún var farin að nota sterk ónæmisbælandi lyf, sem notuð eruð fyrir líffæraþega, í þeirri von að halda ofnæminu í skefjum, sá hún að við svo búið mátti ekki standa; lækningin var orðin alvarlegri en sjúkdómurinn gaf tilefni til. „Ég hef lært að lifa með þessu. Ofnæmið er misjafnlega slæmt. Ég er núna hjá mjög góðum lækni, sem hugsar vel um mig. En ég gat ekki sætt mig við að missa vinnuna. Sú höfnun var alltaf jafn slæm.“

Hún leitaði til stéttarfélags síns, VR og hitti þar Heiðu ráðgjafa. „Ég var alls ekki jákvæð til að byrja með. Mér fannst eins og ég væri undir eftirliti stéttarfélagsins. En Heiða ráðgjafi reyndist alveg frábær, hún stappaði í mig stálinu við að halda þeim draumi á lífi, að ég fengi einhvern tímann aftur vinnu. Einnig fékk ég mjög góða aðstoð frá fulltrúum VR í kjaramálum. Þeir hjálpuðu mér í deilum við

„Samskiptin við VR á því erfiða ári, sem ég þraukaði eftir uppsögnina, verða mér alltaf ofarlega í huga. Ég er afskaplega þakklát fyrir þau.“

fyrri vinnuveitendur og innheimtu fyrir mig laun og orlof. Ég sótti um fjölmargar stöður, en fékk aðeins einu sinni svar og þar var mér tilkynnt að búið væri að ráða í starfið. Ég hef trú á því að kennitalan mín hafi ekki hjálpað til að ég fengi vinnu. Auðvitað var það erfitt, en ég er þrjósk og ég ætlaði mér út á vinnumarkaðinn aftur. Við Heiða ræddum stundum um að það væri mjög til bóta ef það væri eins konar upplýsingabanki um laus störf hjá stéttarfélagunum. Þá gæti VR fólk fengið allar upplýsingar um laus störf sem í boði væru fyrir félagsmenn og önnur stéttarfélög gætu haft sama háttinn á fyrir sína félagsmenn. Ég veit ekki hvort þetta er framkvæmanlegt, en þetta myndi sannarlega spara fólki sporin við atvinnuleit.“

Ragnheiður segir að Heiða ráðgjafi hafi ávallt getað leitað til Starfsendurhæfingarsjóðs eftir upplýsingum ef hún þekkti ekki svörin sjálf. „Sjóðurinn studdi greinilega mjög vel við Heiðu og þess vegna gat hún stutt vel við mig. Hún var líftaugin mín þessa erfiðu mánuði. Ég sótti ýmis styttri námskeið og sótti styrk til Heiðu þegar mér fannst þetta hálf vonlaust. Ef fólk er tilbúið að nýta sér úrræðin, þá kemst það fljótt að því að margt er í boði.“

Eitt af þeim vandamálum, sem Ragnheiður þurfti að kljást við eftir uppsögnina, var að henni var neitað um atvinnuleysisbætur. „Mér fannst vont að fá bréfið um þá höfnun. Ég hef aldrei á lífsleiðinni þurft að þiggja atvinnuleysisbætur, og hafði gert allt rétt, eins og krafist var, skilað inn öllum umbeðnum gögnum, en það virtist ekki nægjanlegt. Það þurfti að funda sérstaklega um mína umsókn í tvígang og var ég því án bóta í liðlega einn og hálfan mánuð. Í bréfinu var ég krafín skýringa á því hvers vegna mér hefði verið sagt upp, en slíkar skýringar hafði ég ekki sjálf. Því var líka velt upp hvort ég hefði kannski sagt upp sjálf, eða brotið af mér í starfi. Mér var líka gert að skila læknisvottorði um að ég væri vinnufær. Mér fannst þetta allt heldur nóturlegt, en lét mig hafa það að krefja Víking skýringa og fékk þá loks svart á hvítu að mér hefði verið sagt upp vegna „hagræðingar“. Þar með fékk ég atvinnuleysisbæturnar.“

En Ragnheiður þurfti ekki lengi á bótum að halda. Hún hefur fengið starf hjá Ungmennafélaginu Fjölni í Grafarvogi og getur þar nýtt alla þá sérþekkingu sem hún hefur á bókhaldi íþróttafélaga. Hún var valin úr 30 manna hópi umsækjenda og er stolt af þeim árangri sínum. „Mér finnst mjög mikilvægt að tilheyra vinnustað og hitta góða vinnufélaga. Ég er heppin að fá starf sem menntun mín og reynsla nýtist í. Samskiptin við VR á því erfiða ári, sem ég þrakaði eftir uppsögnina, verða mér alltaf ofarlega í huga. Ég er afskaplega þakklát fyrir þau.“



Hjálp úr kjarna kerfisins

„Það kom mér satt best að segja á óvart að fá þessa hjálp innan úr kjarna kerfisins. Ráðgjafinn hefur hjálpað mér að fóta mig á ný og vísað mér áfram á réttu staðina.“

Bjarki Ingi Karlsson var steypubilstjóri hjá BM Vallá. Sumarið 2008 fékk hann svæsna lungnabólgu og var haldið sofandi á gjörgæslu í fimm vikur. „Það var undarlegt að vakna úr þeim svefni um miðjan september. Mér leið eins og ég hefði sofð í 2-3 daga, en þá voru það fimm vikur, góðærið mikla var alveg horfið, bankakerfið var að leggjast á hliðina, starfið mitt að gufa upp eins og byggingariðnaðurinn allur og allir mínir vöðvar og styrkur virtust hafa runnið niður í dýnuna. Ég var bara slytt og stóð ekki undir sjálfum mér.“

Þessi 180 sm stælti maður var orðinn 57 kíló. Hann var sendur í hjólastól í endurhæfingu á Grensás. „Ég hafði lengi verið félagi í VR og hélt því áfram þrátt fyrir að ég væri að keyra steypubíl og hefði kannski átt að tilheyra einhverju öðru félagi. En VR er öflugt félag og ég átti eftir að vera því feginn. Áður en

ég veiktist hafði ég einhvern tímann verið að lesa mér til um réttindi mín og þar sá ég að veikindaréttur var 270 dagar! Mér fannst það satt best að segja alveg fáránlega mikill réttur og hugsaði með mér að þetta hlyti nú að vera óþarfi. Svo veiktist ég sjálfur og þá veitti nú ekkert af þessum 9 mánuðum.“

Bjarki var útskrifaður af Grensás fyrir jólin 2008. Hann segir það hafa verið mikil viðbrigði. „Ég var búinn að vera undir nánu eftirliti mánuðum saman, en svo var ég bara allt í einu kominn heim og það var engin eftirfylgni. Ég fór til sérfræðinga af og til, en það var ekkert endurhæfingarprógramm eða neitt slíkt. Líklega hafa lækarnir vitað að ég myndi aldrei snúa aftur í fyrra starf; til þess þarf hreysti, þetta eru átök og stundum mikið álag. Sjálfur var ég enn bjartsýnn á að ná fullri heilsu.“

Bjarki var enn rúmliggjandi þegar hann fékk fyrst greidda sjúkradagpeninga og hann átti lítinn rétt eftir þegar Kristín Waage, ráðgjafi hjá VR, hafði samband við hann. „Hún var leið yfir því að hafa ekki áttað sig fyrr á því að ég væri komin af spítala og engin eftirfylgni væri í gangi, VR vildi fylgjast með hverjum og einum, til að tryggja að þeir yrðu virkir í atvinnulífina á ný. Svo sagði hún mér af Starfsendurhæfingarsjóði, sem var þá að komast á laggirnar.“

Bjarki tók ráðgjöf Kristínar fegins hendi. „Hún sendi mig til sjúkraþjálfara, sem sagði best að ég stundaði reglulega líkamsrækt. Ég fór að æfa í World Class og mér skilst að ég sé fyrsti fulltrúi Starfsendurhæfingarsjóðs þar, eftir að samningar tókust við líkamsræktarstöðina. Sjóðurinn tryggði mér aðgang að stöðinni og ég fór fimm daga í viku í líkamsrækt. Ég var eins og spýtukarl fyrst, en smám saman hef ég liðkast og náð meiri styrk og þoli.“

Hann segir að Kristín hafi leiðbeint sér þegar sjúkradagpeninga þraut. „Hún benti mér á að ég gæti fengið endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun. Það var ljóst að það var talsvert í land með að ég væri vinnufær og vafamál að ég geti snúið til fyrri starfa svo við Kristín ræddum það talsvert hvort ég ætti ekki að nota tímann og huga m.a. að námi og kanna þá hvort unnt væri að gera það samhliða greiðslum frá Tryggingastofnun.“ Bjarki hefur haft ýmislegt fyrir stafni, annað en að stunda líkamsrækt af kappi til að ná upp fyrri styrk og þoli, en alvarleg lungnabilun eins og sú sem Bjarki fékk skerðir þolið gífurlega. „Til að gera eitthvað skemmtilegt

„Ég var búinn að vera undir nánu eftirliti mánuðum saman, en svo var ég bara allt í einu kominn heim og það var engin eftirfylgni. Ég fór til sérfræðinga af og til, en það var ekkert endurhæfingarprógramm eða neitt slíkt“

fór ég til dæmis á námskeið í nóvember hjá Marentzu Poulsen og fékk innsýn í alvöru smurbrauðsgerð. Ég hef um fátt annað talað og vinir mínir eru sumir búnir að fá alveg nóg af vangaveltum um smurbrauð!“

Hann veit ekki hvað framtíðin ber í skauti sér. „Ég er með fullt meirapróf, svo ég get ekið vörubíl, rútu eða leigubíl, svo dæmi séu tekin. En miðað við ástandið í þjóðfélaginu er ekki líklegt að ég geti farið í svoleiðis störf, ég sé að gamlir samstarfsmenn mínir hjá BM Vallá fá ekkert að gera þótt þeir séu með meirapróf. Það er líka óvíst að ég muni endurheimta nægilegt þol til að stunda mjög erfiða líkamlega vinnu. Líklega er skynsamlegast að nýta tímann til mennta. Ég er með stúdentspróf og núna ætla ég að taka áhugasviðspróf og fá þannig aðstoð við að ákveða hvað ég ætti helst að læra. Það verður að tengjast mannlegum samskiptum; ég hef svo gaman af að umgangast fólk. Hjá BM Vallá unnu margar áhugaverðar týpur og starfið var mjög fjölbreytt, ég fór nánast aldrei tvisvar á sama staðinn, heldur var alltaf í nýju umhverfi að hitta nýtt fólk. Ég er ágætur sölumaður, en mér finnst ekkert ólíklegt að tölvunám af einhverju tagi verði niðurstaðan. Ég hef hjálpað vinum og kunningjum í tölvumálum og hef gaman af því. Mér finnst líklegt að ég komist til fyrri heilsu, en það tekur víst alltaf langan tíma eftir svona svæsna lungnasýkingu. Og þann tíma ætla ég að nota vel.“

Hann segir aðstoð Kristínar Waage ómetanlega. „Hún leysir vanda og ytir á mig, sem skiptir ekki minna máli. Það er svo mikilvægt að fá hvatningu.“

Krossgátan

				42		35		29	KIPRA RUGLUN	GLADUR	
						13			KINDUR BLUFUR SNEFT ING	21	
SANKI		MNIGN LIV	AND VARP	FER DUOPT VANGI							
HAND LAUG	34						VANGA HAR PILA				
ELT- ING	2		49					LEIJA DIMMA			
TIMI					22	DRAN VETRI SKIP			32		9
AMAN GERA HUNDAR						56	ÞVÍL SEINT	51		HANGA EYÐSLU SAMAR	
	63		23	TANGI EINS LIND			41	MALS		15	
OFSA REIÐ			3DA GUMMA UPP SÖMUN		45				28		STJORN LEYS- INGI
JAGAD			54	12			18	FUGLA RENGIR	59		
LA- LEGUR				30		VETAN NED (VEDUR)					3
EINNIÐ											
	52	72	ROMV TALA 6		STORA KLISJU AVITAD	19	60		6		
LIF DAGAR 5					50			HAGUR SKERA		59	
HALD UR ENNI BLAÐU		37								2EINS MIL UR- KOMU	44
SAM ST			POSTI PLASS SUMM- ID	14				73	VETA ILSKO ANIR	62	
VIRDUR MÓLSKI IVÍLDI	66		VARGUR AN TIL	33		2EINS SIGA	1		UPPHR NEYÐU TIL		29
	16									29	
VEGUR OTA LEIÐI				67							48
	46		11					HAVAN RYNNI ↑	7		RYNNI FITLA 2EINS
STAF RDIÐ EYKTA MARK		65	49	REFADI TEXADI FLENNI	4					70	10
MFUR GÖNGU						KRALMI DVAÐA	40			17	EKKI BENNY AN
GÖTU		SWIÐ BYR FIJAL	5		53		SMA RYNT UT U				
	71		ÞUKA SKRIDAN SÍÐI	8					25		20
HÖGG		38			DAUÐ- GRAS SÖULA SARSI	43					69
MÖLD UR	39			HALLI				55	KROPP		
ALPIST ÞJALKI HÖGGU		31	68							64	36



Verðlauna- krossgáta kr. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er vísan:
*Nú er fjarri hætta, háski,
 harmur, sorg og grátur,
 enda ríkir gleði, gáski,
 grín og skellihlátur*

Vinningshafi krossgátunnar í
 desemberblaðinu er **Karel Matthíasson**
 starfsmaður í Bónus í Helluhrauni í
 Hafnarfirði. Við óskum honum hjartanlega
 til hamingju 15.000 krónurnar.

Vísbindingin að lausn gátunnar er að í
 lausninni felst vísa sem fjallar um ferðalag.
 Síðasti móttöku dagur lausna er 25. apríl
 2010. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja
 og skrifðu „krossgáta“ utan á umslagði.

Utanáskriftin er: VR-blaðið, Húsi
 verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.
 Einnig er hægt að senda lausnina á
 krossgata@vr.is



Pú spilar stórt hlutverk

Í hvert sinn sem þú greiðir fyrir verslun eða þjónustu stuðlar þú að aukinni veltu og öruggara atvinnuumhverfi á Íslandi.

Vika verslunar og þjónustu vekur athygli á verðmæti þínu. Þú átt leik!

www.vikaverslunar.is

Félagsfundur VR

verður haldinn í Veisluturninum,
20. hæð, Smáratorgi 3, Kópavogi,
miðvikudaginn 17. mars nk. kl. 19.30.

Dagskrá:

- | | |
|--|----|
| 1. Kynning frambjóðenda til trúnaðarstarfa fyrir VR. | 20 |
| 2. Fyrirspurnir og umræður. | 19 |

Félagsmenn hvattir til að mæta.

	18
	17
	16
	15
	14
	13
	12
	11
	10
	9
	8
	7
	6
	5
	4
	3
	2
	1